

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri

Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Sími 460-8900 Fax 460-8919

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.rha.is>



Launakönnun ***FVSA***

Febrúar 2006

Unnið fyrir:
**Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
og nágrenni**

HJÖRDÍS SIGURSTEINSDÓTTIR



Samantekt á helstu niðurstöðum

Grunnlaun og heildarlaun

Helmingur félagsmanna í FVSA hefur 217 þúsund eða minna í grunnlaun á mánuði og meðalgrunnlaunin eru 232 þúsund á mánuði. Þetta eru nokkuð lægri grunnlaun en starfsfélagar þeirra í Reykjavík hafa en nokkuð hærri en hjá starfsfélögum á Austurlandi. Helmingur félagsmanna í VR hefur tæpum 18% hærri grunnlaun en helmingur félagsmanna í FVSA en hins vegar hefur helmingur félagsmanna í FVSA tæpum 21% hærri grunnlaun en félagsmenn í VFA og Vökli Stéttarfélagi. Meðalgrunnlaun félaga í VR eru 16% hærri á mánuði en meðalgrunnlaun félagsmanna í FVSA og félagsmenn í FVSA hafa um 15% hærri meðalgrunnlaun á mánuði en félagsmenn í VFA og Vökli Stéttarfélagi.

Félagsmenn í FVSA hafa að meðaltali 258 þúsund í heildarlaun á mánuði og helmingur þeirra hefur 240 þúsund eða minna á mánuði. Þetta eru nokkuð lægri heildarlaun en starfsfélagar í Reykjavík hafa en hærri en starfsfélagar á Austurlandi hafa. Helmingur félagsmanna í VR hefur tæpum 16% hærri heildarlaun á mánuði en helmingur félagsmanna í FVSA en félagsmenn í FVSA hafa 8% hærri heildarlaun á mánuði en félagsmenn í VFA og Vökli Stéttarfélagi. Meðalheildarlaun félaga í VR eru 16% hærri á mánuði en meðalheildarlaun félagsmanna í FVSA og félagsmenn í FVSA hafa um 8% hærri meðalheildarlaun en félagsmenn í VFA og Vökli Stéttarfélagi.

Alls voru það 376 félagsmenn í FVSA sem gáfu upplýsingar grunnlaun sín og eru í 50% starfshlutfalli eða herra og 420 félagsmenn sem gáfu upplýsingar um heildarlaun sín.

Miðgildið er oft betra mat á miðlægni svar en meðaltalið þegar dreifing talnanna er skekkt. Með skekktri dreifingu er átt við það þegar örfáir einstaklingar eru með umtalsvert hærri eða umtalsvert lægri laun en meginþorri fólksins. Óflokkuð laun fólks er gott dæmi um skekka dreifingu þar sem jaðargildin eru í hærri enda launakvarðans.

Hæstir og lægstir

Hæstu grunnlaunin fær starfsfólk sem fellur undir önnur störf en þar eru einstaklingar sem ekki gátu skilgreint sig í fyrirframgefna hópa. Einstaklingarnir í þessum hópi eru mjög ólíkir, en þar eru t.d. framkvæmdastjórar, sölustjórar, fólk við ræstingar, fólk í umönnunarstörfum og leiðbeinendur í leik- og grunnskóla. Meðallaun þessa hóps eru 288 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 270 þúsund eða minna á mánuði. Þessum hópi tilheyrir 12% svarenda. Næstir koma félagsmenn í sérhæfðum skrifstofustörfum með 259 þúsund að meðaltali í grunnlaun á mánuði og helmingur þeirra hefur 244 þúsund eða minna á mánuði. Þessum hópi tilheyra rúm 32% svarenda. Sömu sögu er að segja þegar kemur að heildarlaunum, starfsfólk sem féll í flokkinn önnur störf hefur að meðaltali hæstu heildarlaunin, 314 þúsund á mánuði og helmingur þeirra fær 300 þúsund á mánuði.

Lægstu grunnlaunin fær starfsfólk í almennum afgreiðslustörfum, 164 þúsund á mánuði að meðaltali og helmingur þeirra fær 150 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Þessum hópi tilheyra tæp 26% svarenda. Starfsfólk í almennum afgreiðslustörfum fær einnig lægstu heildarlaunin eða 205 þúsund að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra fær 198 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun.

Launamunur karla og kvenna

Karlar hafa að meðaltali 270 þúsund í grunnlaun á mánuði og helmingur þeirra fær 258 þúsund eða minna á mánuði. Konur hafa að meðaltali 208 þúsund í grunnlaun á mánuði og helmingur þeirra fær 200 þúsund eða minna á mánuði. Þetta þýðir að karlar hafa 29,8% hærri meðalgrunnlaun á mánuði en konur og helmingur karla hefur 29,0% hærri grunnlaun á mánuði en helmingur kvenna.

Karlar hafa 30,6% hærri meðalheildarlaun en konur samkvæmt niðurstöðum þessarar könnunar. Meðalheildarlaun karla eru 303 þúsund á mánuði og helmingur karla hefur 285 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Meðalheildarlaun kvenna eru 232 þúsund á mánuði og helmingur

þeirra hefur 215 þúsund eða minna á mánuði. Helmingur karlar hefur því 32,6% hærra heildarlaun á mánuði en helmingur kvenna.

Skýra má hluta af þessum launamun karla og kvenna með mismuni á uppbyggingu launa þeirra. Yfirvinna hefur þar t.d. veruleg áhrif bæði á grunnlaun og heildarlaun. Um 44% karla hefur fasta yfirvinnu innifalda í grunnlaunum sínum en aðeins 18% kvenna og 16% kvenna svarar því til að þær vinni ekki yfirvinnu en aðeins 4% karla. Yfirvinnugreiðslur vega þó mjög svipað sem hlutfall af launum karla og kvenna eða 17,1% að meðaltali hjá körlum en 15,9% að meðaltali hjá konum. Verulega hallar á konur þegar kemur að hlunnindum og öðrum launagreiðslum. Mun fleiri karlar en konur fá greiddar slíkar greiðslur eða 33,3% karla á móti 13,3% kvenna. Þeir fá til að mynda frekar greidda dagpeninga og sölubónus, bílastyrk og eða afnota af bíl.

Bílastyrkur karla er marktækt hærra en kvenna eða tæplega 33 þúsund á mánuði á móti rúmum 13 þúsundum hjá konum.

Þetta skýrir þó aldrei að öllu leyti þann launamun karla og kvenna sem fram kemur í könnuninni og því má segja að kynið eitt kosti hverja konu tugi þúsunda í laun á ári.

Áhrif náms á laun

Niðurstaða könnunarinnar sýnir glögglega að háskólamenntun skilar ýmsum ávinningi. Háskólamenntaðir félagsmenn í FVSA hafa að meðaltali 51% hærra grunnlaun en aðrir menntunarhópar og um 49% hærra heildarlaun. Þeir gegna hærra stöðum í fyrirtækjum, eru frekar með hlunnindi en aðrir og eru sáttari við launin sín.

Meðalgrunnlaun háskólamenntaðra félagsmanna eru 322 þúsund á mánuði á meðan aðrir menntunarhópar hafa meðalgrunnlaun á bilinu 194-241 þúsund á mánuði. Helmingur háskólamenntaðra félagsmanna hefur 300 þúsund eða minna á mánuði og helmingur annarra menntunarhópa hefur 180-218 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Þetta þýðir að sé horft til miðgildis þá hefur helmingur háskólamenntaðra

félagsmanna 48,5% hærri grunnlaun en helmingur félagsmanna með aðra menntun en háskólapróf.

Meðalheildarlaun háskólamenntaðra félagsmanna eru 348 þúsund eða minna á mánuði á meðan aðrir menntunarhópar hafa meðalheildarlaun á bilinu 224-256 þúsund á mánuði. Helmingur háskólamenntaðra félagsmanna hefur 320 þúsund eða minna á mánuði og helmingur annarra menntunarhópa hefur 217-250 þúsund eða minna á mánuði. Þetta þýðir að sé horft til miðgildis þá hefur helmingur háskólamenntaðra félagsmanna 40,0% hærri heildarlaun en helmingur félagsmanna með aðra menntun en háskólapróf.

Til samanburðar er launamunur meðalgrunnlauna háskólamenntaðra félagsmanna í VFA og Vökli Stéttarfélagi og annarra menntunarhópa 44% og 37% þegar heildarlaunin eru skoðuð. Þetta er nokkuð meiri launamunur, bæði hjá félagsmönnum í FVSA og VFA og Vökli Stéttarfélagi, en kom út í könnun VR 2005 en þar er talað um að launamunur háskólamenntaðra félagsmanna og annarra menntunarflokka sé 32%.

Það vekur nokkra athygli hvað félagsmenn með verslunarpróf hafa há meðallaun sé tekið tillit til þess um hversu stutt nám er að ræða en þeir hafa nokkuð hærri meðallaun en t.d. félagsmenn með stúdentspróf.

Ætla mætti að háskólamenntaðir félagsmenn ynnu mun lengri vinnuviku þar sem launin eru þetta hærri en svo er ekki raunin. Háskólamenntaðir félagsmenn vinna að meðaltali rúmar 40 vinnustundir á viku á meðan félagsmenn í öðrum menntunarhópum vinna að meðaltali tæpar 40 vinnustundir á viku eða nánast sami vinnutími.

En það eru ekki bara launin sjálf eða vinnutíminn sem menntunin hefur áhrif á heldur einnig önnur hlunnindi. Rúm 36% háskólamenntaðra félagsmanna fær greitt fyrir einhver hlunnindi en aðeins 18% félagsmanna með aðra menntun en háskólapróf. Jafnframt kemur í ljós að háskólamenntaðir félagsmenn eru sáttari við laun sín en aðrir menntunarhópar ef frá eru taldir félagsmenn með verslunarpróf. Þeir eru

einnig almennt mjög eða frekar sáttir við laun sín enda hafa félagsmenn með verslunarpróf næst hæstu launin.

Vinnutími

Um 64% svarenda er í fullu starfi og 22% í reglulegu hlutastarfi. Þeir sem eru í reglulegu hlutastarfi eru nær allir í 50% eða hærra stöðugildi og algengast er að vera í hálfu starfi. Mun fleiri karlar en konur eru í fullu starfi eða 89% á móti 49% kvenna. Meðalvinnutími allra svarenda í könnuninni er 40 klst. á viku en sá sem vinnur lengsta vinnuviku skilar 90 klst. á viku og sá sem vinnur stysta vinnuviku skilar 10 klst. viku.

Vinnutími félagsmanna í fullu starfi er 44 klst. að meðaltali á viku. Karlar vinna 5 klst. lengur á viku en konur eða 47 klst. á móti 42 klst. hjá konum.

Hærri staða í fyrirtækinu þýðir lengri vinnuviku því vinnuvika yfirstjórnenda er að meðaltali 48 klst. en hjá almennum starfsmönnum er hún 43 klst. að meðaltali.

Vinnuvikan er lengst hjá sérþjálfuðum starfsmönnum verslana eða 47 klst. á viku. Stystu vinnuvikuna vinna félagsmenn í skrifstofustörfum eða 42 klst. að meðaltali. Þetta þýðir að félagsmenn í almennum afgreiðslustörfum vinna að meðaltali tæpum 5 klst. lengri vinnuviku en félagsmenn í skrifstofustörfum.

Fyrirkomulag yfirvinnu

Helmingur félagsmanna, eða 46%, fær sérstaklega greitt fyrir unna yfirvinnu, og önnur 15% fá yfirvinnu umfram ákveðna tíma greidda. Yfirvinnugreiðslur eru þannig hluti af launum margra félagsmanna og nema slíkar greiðslur að jafnaði 16% af heildarlaunum. Helst eru það almennir starfsmenn og félagsmenn sem starfa í almennum afgreiðslustörfum sem fá yfirvinnuna greidda að fullu.

Jafnframt kemur í ljós að 11% svarenda vinnur ekki yfirvinnu. Þetta eru í meira mæli konur en karlar og almennir starfsmenn frekar en yfirmenn. Ennfremur vinna hlutfallslega

fleiri félagsmenn í almennum skrifstofustörfum ekki yfirvinnu eða 27% þeirra á móti t.d. aðeins 4% félagsmanna sem starfa sem sérþjálfaðir starfsmenn verslana.

Rúmlega fjórðungur svarenda fær hins vegar yfirvinnu sína ekki greidda sérstaklega eða 24,8%. Þessum hópi tilheyra langflestir yfirstjórnendur eða 63% yfirstjórnenda og 43% félagsmanna sem falla undir önnur störf. Aðeins 6% félagsmanna sem vinna almenn skrifstofustörf hafa yfirvinnu innifalda í launum sínum.

Laun samkvæmt tímataxta

Nokkur hluti félagsmanna tekur laun samkvæmt tímataxta. Það voru 135 félagsmenn sem gáfu upp tímataxta sinn eða fjórðungur svarenda. Rúmlega 28% fær greitt eftir dagvinnutaxta og yfirvinnutaxta og 22% jafnaðarkaupi.

Meðaldagvinnutaxti félagsmanna FVSA er 912 kr. á klst. og helmingur þeirra fær greiddar 804 kr. eða minna á klst. í dagvinnu. Þetta er nokkuð hærri dagvinnutaxti en kom fram hjá félögum í VFA og Vökli Stéttarfélagi en þar er meðaldagvinnutaxtinn 839 kr. á klst. eða um 9% hærri en hjá félögum í FVSA. Sé horft til miðgildis þá fær helmingur félaga í VFA og Vökli Stéttarfélagi 781 kr. á klst. sem þýðir að helmingur félagsmanna í FVSA fær 3% hærri dagvinnutaxta en helmingur félagsmanna í VFA og Vökli Stéttarfélagi. Það voru 110 félagsmenn í FVSA sem gáfu upp dagvinnutaxtann sinn. Konur eru í meirihluta þeirra sem gáfu upp dagvinnutaxta sinn og reyndist meðaldagvinnutaxti karla 3,8% hærri en dagvinnutaxti kvenna. Munurinn er þó ekki nema 2,4% sé horft til miðgildis, konum í vil.

Meðaleftirvinnutaxtinn er 1174 kr. á klst. og helmingur svarenda fær greiddar 1047 kr. á klst. í eftirvinnu. Það liggja aðeins 50 svör á bak við þessa greiningu. Meðalyfirvinnutaxtinn er 1587 kr. á klst. og helmingurinn fær 1435 kr. á klst. Á bak við þessa niðurstöðu liggja 84 svör. Meðaljafnaðarkaup er 1375 kr. á klst. og helmingurinn fær greiddar 1200 kr. á klst. í jafnaðarkaup. Aðeins 25 svör liggja á bak við þessa niðurstöðu.

Sátt við launin

Meirihluti svarenda er sáttur við laun sín eða tæplega 60% svarenda en þó svara 11% því til að þeir séu mjög ósáttir við laun sín. Hærri staða í fyrirtækinu þýðir meiri sátt við laun sín. Helst má sjá að félagsmenn í almennum afgreiðslustörfum eru ósáttari við launakjör sín en þeir sem gegna öðrum störfum en þeim. Meirihluti svarenda telur vinnuveitanda sinn veita svipuð launa og gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum en þó telur meirihluti svarenda laun sín ekki vera í samræmi við þá ábyrgð sem starfið krefjist.

Launaviðtalið

Innan við helmingur svarenda hefur farið í starfsmanna- og launaviðtal eins og samið var um í síðustu kjarasamningum eða 45% svarenda. Langflestir af þeim sem fóru í slík viðtöl ræddu launin sín í viðtalinu eða 82% svarenda. Helst eru það félagsmenn með háskólamenntun sem ekki ræddu laun sín í viðtalinu en það er einmitt hópurinn með hæstu launin. Í langflestum tilvikum höfðu svarendur væntingar um að starfsmannaviðtalið skilaði þeim launahækkun og var algengast að svarendur væntu þess að fá 10% launahækkun. Innan við helmingur svarar því til að þegar á heildina sé litið þá séu þeir mjög eða frekar sáttir við niðurstöðu starfsmanna- og launaviðtalsins eða 46%.

Svarhlutfall

Könnunin náði til allra félagsmanna Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, sem höfðu greitt félagsgjald og voru í starfi í októbermánuði síðastliðnum, alls 1221 manns. Alls bárust svör frá 537 félagsmönnum, 262 á pappír og 275 í gegnum netið. Þetta þýðir að svarhlutfallið er 44% sem verður að teljast viðunnandi í útsendri könnun sem þessari.

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	1
2. FRAMKVÆMD OG HEIMTUR.....	2
3. ALMENNAR UPPLÝSINGAR.....	5
4. UPPLÝSINGAR UM LAUN	9
4.1 VINNUTÍMI.....	9
4.2 HEILDARLAUN OG GRUNNLAUN	26
4.3 AUKA LAUNAGREIÐSLUR	81
4.4 LAUNAUPLÝSINGAR EFTIR KAUP TÖXTUM	90
5. VIÐHORF TIL LAUNA OG LAUNAGREIÐENDA	112
5.1 SÁTT MEÐ LAUN.....	112
5.2 STARFSMANNA- OG LAUNAVIÐTAL	118
6. LAUNAMUNUR EFTIR BÚSETU.....	124
7. LOKAORÐ.....	130

Myndaskrá

Mynd 1. Svarhlutfall.	2
Mynd 2. Ert þú í fullu starfi, reglulegu hlutastarfi eða ert þú ekki í föstu starfshlutfalli?	9
Mynd 3. Tíðni reglulegs starfshlutfalls.	9
Mynd 4. Starfshlutfall eftir kyni og menntun.	10
Mynd 5. Starfshlutfall eftir stöðu og starfi.	11
Mynd 6. Starfshlutfall eftir starfsaldri.	12
Mynd 7. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna	27
Mynd 8. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna	28
Mynd 9. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna karla.	29
Mynd 10. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna karla.	29
Mynd 11. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna kvenna.	30
Mynd 12. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna kvenna.	30
Mynd 13. Dreifing grunnlauna svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni.	31
Mynd 14. Dreifing heildarlauna svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni.	32
Mynd 15. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum með grunnmenntun.	33
Mynd 16. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna hjá félagsmönnum með grunnmenntun.	34
Mynd 17. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum með verslunarpróf.	35
Mynd 18. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna hjá félagsmönnum með verslunarpróf.	35
Mynd 19. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna með iðnnám eða annað starfsnám.	36
Mynd 20. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna með iðnnám eða annað starfsnám.	37
Mynd 21. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum með stúdentspróf.	37
Mynd 22. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna með stúdentspróf.	38
Mynd 23. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum með háskólapróf.	39
Mynd 24. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna hjá félagsmönnum með stúdentspróf.	39
Mynd 25. Grunnlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og menntun.	43
Mynd 26. Heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og menntun.	43
Mynd 27. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum í yfirstjórnendastöðu.	44
Mynd 28. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna hjá félagsmönnum í yfirstjórnendastöðu.	45
Mynd 29. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum í millistjórnendastöðu.	46
Mynd 30. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna hjá félagsmönnum í millistjórnendastöðu.	46
Mynd 31. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna meðal almennra starfsmanna.	47
Mynd 32. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna almennra starfsmanna.	48
Mynd 33. Grunnlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og stöðu.	50
Mynd 34. Heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og stöðu.	51
Mynd 35. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna í almennum afgangslustörfum.	52
Mynd 36. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna í almennum afgangslustörfum.	53

Mynd 37. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna sérþjálfaðra starfsmanna verslana.....	53
Mynd 38. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna sérþjálfaðra starfsmanna verslana.	54
Mynd 39. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna í almennum skrifstofustörfum.	55
Mynd 40. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna í almennum skrifstofustörfum.	55
Mynd 41. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna í sérhæfðum skrifstofustörfum.	56
Mynd 42. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna í sérhæfðum skrifstofustörfum.	57
Mynd 43. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum í ferðaþjónustu.	57
Mynd 44. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna í ferðamállum.....	58
Mynd 45. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna í öðrum störfum.	59
Mynd 46. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna í öðrum störfum.....	59
Mynd 47. Grunnlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og starf.....	64
Mynd 48. Heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og starfi.....	64
Mynd 49. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna með 5 ára eða skemmri starfsaldur í sama eða sambærilegu starfi.	66
Mynd 50. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna með 5 ára eða skemmri starfsaldur í sama eða sambærilegu starfi.	67
Mynd 51. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna með 5 -10 ára starfsaldur í sama eða sambærilegu starfi.	67
Mynd 52. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna með 5 -10 ára starfsaldur í sama eða sambærilegu starfi.	68
Mynd 53. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna með 10 ára starfsaldur eða lengri í sama eða sambærilegu starfi.	69
Mynd 54. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna með 10 ára starfsaldur eða lengri í sama eða sambærilegu starfi.	69
Mynd 55. Grunnlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og starfsaldri í sama eða samskonar starfi.	72
Mynd 56. Heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.	73
Mynd 57. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna með 5 ára eða skemmri starfsaldur í núverandi fyrirtæki.	74
Mynd 58. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna með 5 ára eða skemmri starfsaldur í núverandi fyrirtæki.	75
Mynd 59. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna með 5 til 10 ára starfsaldur í núverandi fyrirtæki.	75
Mynd 60. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna með 5 til 10 ára starfsaldur í núverandi fyrirtæki.	76
Mynd 61. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna með 10 ára eða lengri starfsaldur í núverandi fyrirtæki.	77

Mynd 62. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna með 10 ára eða lengri starfsaldur í núverandi fyrirtæki	77
Mynd 63. Grunnlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og starfsaldri í núverandi starfi.....	80
Mynd 64. Heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og starfsaldri í núverandi starfi.....	80
Mynd 65. Færð þú greitt sérstaklega fyrir eftir- eða yfirvinnu?.....	81
Mynd 66. Samkvæmt hvaða kauptaxta fá svarendur greitt eftir?.....	90
Mynd 67. Samkvæmt hvaða kauptaxta fá svarendur greitt eftir, greint eftir kyni og menntun.....	91
Mynd 68. Hlutfallsleg dreifing dagvinnutaxta.....	93
Mynd 69. Hlutfallsleg dreifing eftirvinnutaxta.....	94
Mynd 70. Hlutfallsleg dreifing yfirvinnutaxta.....	94
Mynd 71. Hlutfallsleg dreifing jafnaðarkaups.....	95
Mynd 72. Dreifing dagvinnutaxta eftir kyni.....	98
Mynd 73. Dreifing eftirvinnutaxta eftir kyni.....	98
Mynd 74. Dreifing yfirvinnutaxta eftir kyni.....	99
Mynd 75. Dreifing jafnaðarkaups eftir kyni.....	99
Mynd 76. Dagvinnutaxti svarenda eftir kyni og menntun.....	101
Mynd 77. Dagvinnutaxti svarenda eftir kyni og stöðu.....	103
Mynd 78. Dagvinnutaxti svarenda eftir kyni og starfi.....	105
Mynd 79. Dagvinnutaxti svarenda eftir kyni og starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.....	107
Mynd 80. Dagvinnutaxti svarenda eftir kyni og starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.....	108
Mynd 81. Ert þú sáttur eða ósáttur með þau laun sem þú færð fyrir vinnu þína?.....	112
Mynd 82. Ert þú sáttur eða ósáttur með þau laun sem þú færð fyrir vinnu þína, greint eftir kyni og menntun.....	113
Mynd 83. Ert þú sáttur eða ósáttur með þau laun sem þú færð fyrir vinnu þína, greint eftir stöðu og starfi?.....	114
Mynd 84. Væntingar til starfsmanna- og launaviðtalsins.....	121
Mynd 85. Þegar á heildina er litið, ert þú sátt(ur) eða ósátt(ur) við niðurstöðu starfsmanna- og launaviðtalsins?.....	122
Mynd 86. Samanburður á grunnlaunum milli stéttarfélaga.....	124
Mynd 87. Samanburður á heildarlaunum milli stéttarfélaga.....	125
Mynd 88. Samanburður á meðaltali kauptaxta.....	127
Mynd 89. Samanburður á miðgildi kauptaxta.....	128

Töfluskrá


Tafla 1. Menntun svarenda FVSA eftir kynferði.....	5
Tafla 2. Staða svarenda FVSA í fyrirtækinu.....	6
Tafla 3. Starf svarenda FVSA í fyrirtækinu.....	7
Tafla 4. Starfsaldur svarenda FVSA í sama eða sambærilegu starfi.	7
Tafla 5. Starfsaldur svarenda FVSA hjá núverandi vinnuveitanda.	8
Tafla 6. Starfshlutfall eftir kyni og menntun.....	10
Tafla 7. Starfshlutfall eftir stöðu og starfi.....	11
Tafla 8. Starfshlutfall eftir starfsaldri.	12
Tafla 9. Vinnutími svarenda í 50% starfshlutfalli eða hærra, eftir kyni.	13
Tafla 10. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir kyni.....	14
Tafla 11. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir menntun.	14
Tafla 12. Vinnutími karla í fullu starfi eftir menntun.....	15
Tafla 13. Vinnutími kvenna í fullu starfi eftir menntun.....	15
Tafla 14. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir stöðu.....	16
Tafla 15. Vinnutími karla í fullu starfi eftir stöðu.....	16
Tafla 16. Vinnutími kvenna í fullu starfi eftir stöðu.	16
Tafla 17. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir starfi.	17
Tafla 18. Vinnutími karla í fullu starfi eftir starfi.	17
Tafla 19. Vinnutími kvenna í fullu starfi eftir starfi.	17
Tafla 20. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.	18
Tafla 21. Vinnutími karla í fullu starfi eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.	18
Tafla 22. Vinnutími kvenna í fullu starfi eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.	18
Tafla 23. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.	19
Tafla 24. Vinnutími karla í fullu starfi eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.	19
Tafla 25. Vinnutími kvenna í fullu starfi eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.	19
Tafla 26. Yfirvinnustundir eftir kyni.	20
Tafla 27. Yfirvinnustundir svarenda eftir menntun.....	21
Tafla 28. Yfirvinnustundir karla eftir menntun.....	21
Tafla 29. Yfirvinnustundir kvenna eftir menntun.....	21
Tafla 30. Yfirvinnustundir eftir stöðu.	22
Tafla 31. Yfirvinnustundir karla eftir stöðu.....	22
Tafla 32. Yfirvinnustundir kvenna eftir stöðu.	22
Tafla 33. Yfirvinnustundir eftir starfi.	23
Tafla 34. Yfirvinnustundir karla eftir starfi.	23
Tafla 35. Yfirvinnustundir kvenna eftir starfi.	24
Tafla 36. Yfirvinnustundir svarenda eftir starfsaldri í sama eða samskonar starfi.	25

Tafla 37. Yfirvinnustundir karla eftir starfsaldri í sama eða samskonar starfi.	25
Tafla 38. Yfirvinnustundir kvenna eftir starfsaldri í sama eða samskonar starfi.	25
Tafla 39. Yfirvinnustundir svarenda eftir starfsaldri í núverandi starfi.	26
Tafla 40. Yfirvinnustundir karla eftir starfsaldri í núverandi starfi.	26
Tafla 41. Yfirvinnustundir kvenna eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.	26
Tafla 42. Dreifing grunn- og heildarlauna svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni.	28
Tafla 43. Samanburður á launum karla og kvenna eftir eðli.	31
Tafla 44. Grunn- og heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir menntun.	33
Tafla 45. Grunn- og heildarlaun karla í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir menntun.	40
Tafla 46. Grunn- og heildarlaun kvenna í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir menntun.	40
Tafla 47. Samanburður á grunnlaunum karla og kvenna eftir menntun.	41
Tafla 48. Samanburður á heildarlaunum karla og kvenna eftir menntun.	41
Tafla 49. Grunn- og heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir stöðu.	44
Tafla 50. Grunn- og heildarlaun karla í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir stöðu.	48
Tafla 51. Grunn- og heildarlaun kvenna í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir stöðu.	48
Tafla 52. Samanburður á grunnlaunum karla og kvenna eftir stöðu.	49
Tafla 53. Samanburður á heildarlaunum karla og kvenna eftir stöðu.	49
Tafla 54. Dreifing grunn- og heildarlauna eftir starfi.	51
Tafla 55. Grunn- og heildarlaun karla í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir starfi.	60
Tafla 56. Grunn- og heildarlaun kvenna í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir starfi.	60
Tafla 57. Samanburður á grunnlaunum karla og kvenna eftir starfi.	61
Tafla 58. Samanburður á heildarlaunum karla og kvenna eftir starfi.	63
Tafla 59. Dreifing grunn- og heildarlauna eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.	65
Tafla 60. Grunn- og heildarlaun karla í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.	70
Tafla 61. Grunn- og heildarlaun kvenna í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.	70
Tafla 62. Samanburður á grunnlaunum karla og kvenna eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.	71
Tafla 63. Samanburður á heildarlaunum karla og kvenna eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.	71
Tafla 64. Dreifing grunn- og heildarlauna eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.	73
Tafla 65. Grunn- og heildarlaun karla í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.	78
Tafla 66. Grunn- og heildarlaun kvenna í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.	78
Tafla 67. Samanburður á grunnlaunum karla og kvenna eftir starfsaldri í núverandi starfi.	79
Tafla 68. Samanburður á heildarlaunum karla og kvenna eftir starfsaldri í núverandi starfi.	79

Tafla 69. Greiðsla fyrir yfirvinnustundir eftir kyni og menntun.....	82
Tafla 70. Greiðsla fyrir yfirvinnustundir eftir stöðu og starfi.....	82
Tafla 71. Greiðsla fyrir yfirvinnustundir eftir starfsaldri.....	83
Tafla 72. Hlutfall yfirvinnulauna af heildarlaunum eftir kyni.....	84
Tafla 73. Hlutfall sem fær bílastyrk greint eftir kyni og menntun.....	84
Tafla 74. sem fær bílastyrk greint eftir stöðu og starfi.....	85
Tafla 75. Hlutfall sem fær bílastyrk greint eftir starfsaldri.....	85
Tafla 76. Hlutfall sem fær bílahlunnindi greint eftir kyni og menntun.....	86
Tafla 77. Hlutfall sem fær bílahlunnindi greint eftir stöðu og starfi.....	86
Tafla 78. Hlutfall sem fær bílahlunnindi greint eftir starfsaldri.....	86
Tafla 79. Hlutfall sem fær vaktaálag greint eftir kyni og menntun.....	87
Tafla 80. Hlutfall sem fær vaktaálag greint eftir stöðu og starfi.....	87
Tafla 81. Hlutfall sem fær vaktaálag greint eftir starfsaldri.....	87
Tafla 82. Hlutfall sem fær fæðishlunnindi greint eftir kyni og menntun.....	88
Tafla 83. Hlutfall sem fær fæðishlunnindi greint eftir stöðu og starfi.....	88
Tafla 84. Hlutfall sem fær fæðishlunnindi greint eftir starfsaldri.....	88
Tafla 85. Hlutfall sem fær aðrar greiðslur greint eftir kyni og menntun.....	89
Tafla 86. Hlutfall sem fær aðrar greiðslur greint eftir stöðu og starfi.....	89
Tafla 87. Hlutfall sem fær aðrar greiðslur greint eftir starfsaldri.....	90
Tafla 88. Samkvæmt hvaða kauptaxta fá svarendur greitt eftir, greint eftir kyni og menntun.	91
Tafla 89. Samkvæmt hvaða kauptaxta fá svarendur greitt eftir, greint eftir stöðu og starfi.....	92
Tafla 90. Samkvæmt hvaða kauptaxta fá svarendur greitt eftir, greint eftir starfsaldri.....	92
Tafla 91. Dreifing dagvinnu- og eftirvinnutaxta svarenda eftir kyni.....	95
Tafla 92. Dreifing yfirvinnutaxta og jafnaðarkaupsvarenda eftir kyni.....	96
Tafla 93. Samanburður á launatöxtum karla og kvenna eftir eðli.....	96
Tafla 94. Dagvinnutaxti eftir menntun.....	100
Tafla 95. Dagvinnutaxti karla eftir menntun.....	100
Tafla 96. Dagvinnutaxti kvenna eftir menntun.....	101
Tafla 97. Samanburður á dagvinnutaxta karla og kvenna eftir menntun.....	101
Tafla 98. Dagvinnutaxti eftir stöðu.....	102
Tafla 99. Dagvinnutaxti karla eftir stöðu.....	102
Tafla 100. Dagvinnutaxti kvenna eftir stöðu.....	102
Tafla 101. Samanburður á dagvinnutaxta karla og kvenna eftir stöðu.....	103
Tafla 102. Dagvinnutaxti eftir starfi.....	104
Tafla 103. Dagvinnutaxti karla eftir starfi.....	104
Tafla 104. Dagvinnutaxti kvenna eftir starfi.....	104
Tafla 105. Samanburður á dagvinnutaxta karla og kvenna eftir starfi.....	105
Tafla 106. Dagvinnutaxti eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.....	106

Tafla 107. Dagvinnutaxti karla eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.....	106
Tafla 108. Dagvinnutaxti kvenna eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.....	106
Tafla 109. Samanburður á dagvinnutaxta karla og kvenna eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.....	107
Tafla 110. Dagvinnutaxti eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.....	108
Tafla 111. Dagvinnutaxti karla eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.....	108
Tafla 112. Dagvinnutaxti kvenna eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.....	108
Tafla 113. Samanburður á dagvinnutaxta karla og kvenna eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.....	109
Tafla 114. Greiddar vinnustundir í septembermánuði síðastliðnum eftir kaupþöxtum.....	109
Tafla 115. Greiddar vinnustundir í septembermánuði síðastliðnum eftir kaupþöxtum.....	110
Tafla 116. Greiddar vinnustundir karla í septembermánuði síðastliðnum eftir kaupþöxtum.....	110
Tafla 117. Greiddar vinnustundir kvenna í septembermánuði síðastliðnum eftir kaupþöxtum.....	110
Tafla 118. Ert þú sáttur eða ósáttur með þau laun sem þú færð fyrir vinnu þína, greint eftir kyni og menntun?.....	113
Tafla 119. Ert þú sáttur eða ósáttur með þau laun sem þú færð fyrir vinnu þína, greint eftir stöðu og starfi?.....	114
Tafla 120. Ert þú sáttur eða ósáttur með þau laun sem þú færð fyrir vinnu þína, greint eftir starfsaldri?.....	114
Tafla 121. Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum, greint eftir kyni og menntun.....	115
Tafla 122. Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum, greint eftir stöðu og starfi.....	116
Tafla 123. Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum, greint eftir stöðu og starfi.....	116
Tafla 124. Telur þú laun þín vera í samræmi við þá ábyrgð sem starf þitt krefst, greint eftir kyni og menntun.....	116
Tafla 125. Telur þú laun þín vera í samræmi við þá ábyrgð sem starf þitt krefst, greint eftir stöðu og starfi.....	117
Tafla 126. Telur þú laun þín vera í samræmi við þá ábyrgð sem starf þitt krefst, greint eftir starfsaldri.....	117
Tafla 127. Telur þú laun þín vera í samræmi við þá ábyrgð sem starf þitt krefst, greint eftir starfsaldri.....	118
Tafla 128. Hefur þú farið í starfsmanna- og launaviðtal, greint eftir kyni og menntun.....	118
Tafla 129. Hefur þú farið í starfsmanna- og launaviðtal, greint eftir stöðu og starfi.....	119
Tafla 130. Hefur þú farið í starfsmanna- og launaviðtal, greint eftir starfsaldri.....	119
Tafla 131. Voru laun þín rædd í því viðtali, greint eftir kyni og menntun.....	120
Tafla 132. Voru laun þín rædd í því viðtali, greint eftir stöðu og starfi.....	120

<i>Tafla 133. Sátt við niðurstöðu starfsmanna- og launaviðtalsins, greint eftir kyni og menntun. ...</i>	<i>122</i>
<i>Tafla 134. Sátt við niðurstöðu starfsmanna- og launaviðtalsins, greint eftir stöðu og starfi.....</i>	<i>123</i>
<i>Tafla 135. Sátt við niðurstöðu starfsmanna- og launaviðtalsins, greint eftir starfsaldri.</i>	<i>123</i>
<i>Tafla 136. Samanburður á grunnlaunum eftir störfum og búsetu.....</i>	<i>126</i>
<i>Tafla 137. Samanburður á heildarlaunum eftir störfum og búsetu</i>	<i>127</i>



1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var hausti 2005 meðal félagsmanna Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Henni er ætlað að draga upp heilstæða mynd af launum og launakjörum félagsmanna og veita upplýsingar um markaðs-laun í mismunandi starfsgreinum. Jafnframt er henni ætlað að veita mikilvæga innsýn í þróun launa og launamunar milli kynja, starfsgreina og eftir búsetu.

Rannsóknin var gerð að tilhlutan Félags Verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni og Verslunarmannafélags Austurlands. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri annaðist framkvæmd könnunarinnar og af hálfu hennar bar Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur ábyrgð á henni.

Höfundur skýrslunnar er Hjördís Sigursteinsdóttir, rekstrar- og stjórnfræðingur.


2. Framkvæmd og heimtur

Markmiðið með þessari rannsókn var að afla upplýsinga varðandi laun og launakjör félagsmanna og afla upplýsinga um markaðslaun í mismunandi starfsgreinum. Jafnframt er henni ætlað að veita innsýn í þróun launa og launamunar milli kynja, starfsgreina og búsetu.

Könnunin náði til allra félagsmanna Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA), Verslunarmannafélags Austurlands (VFA) og Vökuls stéttarfélags sem greitt höfðu félagsgjald og voru í starfi í októbermánuði síðastliðnum. Í einhverjum tilfellum reyndist ekki unnt að finna rétt heimilisfang á einstaklinga, þeir fluttir erlendis eða féllu út af öðrum orsökum. Endanlegur fjöldi sem könnunin náði til var 1221 einstaklingar í FVSA, 339 einstaklingar í VFA og 75 einstaklingar í Vökli stéttarfélagi.

Öllum félagsmönnum félaganna var sendur spurningalisti í pósti ásamt bréfi frá formönnum félaganna. Jafnframt var boðið upp á að svara spurningalistanum á netinu. Svör voru ítrekuð tvisvar sinnum auk þess sem félögin auglýstu í staðarmiðlum og á vinnustöðum.

Afraksturinn var 537 svör frá félagsmönnum FVSA, 262 á pappír og 275 á netinu, sem samsvarar 44,0% svarhlutfalli, 21,5% á pappír og 22,5% á netinu. Það er mat okkar að þetta svarhlutfall teljist viðunnandi í útsendri könnun sem þessari.



Mynd 1. Svarhlutfall.

Í köflunum hér fyrir aftan gefur að líta niðurstöður könnunarinnar fyrir FVSA. Við úrvinnslu gagna var tryggt að öll svör væru órekjanleg og að í öllu væri farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga. Mikilvægt er að hafa í huga að hér var um að ræða þýðiskönnun, þ.e. allir félagsmenn sem uppfylltu framan- greind skilyrði höfðu tækifæri til að taka þátt í könnuninni. Í almennri úrvinnslu voru notuð öll svör sem bárust og niðurstöður greininga eru settar fram í myndum og töflum. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og var tekið mið af slíkri greiningu í umræðunni um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar voru. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS en myndir og töflur í Excel.

Í úrvinnslu á launupplýsingum voru notuð svör félagsmanna sem voru í 50% starfshlutfalli eða hærra. Við samanburð á heildarlaunum var reiknað út frá fullu starfi þannig að þeir einstaklingar sem voru í skertu starfshlutfalli voru reiknaðir upp í fullt starfshlutfall. Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum og töflum. Í töflunum er að finna fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt ásamt reiknuðu meðaltali, miðgildi, 25% mörkum, 75% mörkum og staðalfrávikum þar sem það á við.

Í umfjöllunum um laun og vinnutíma eru dregnar ályktanir út frá meðaltali, miðgildi og staðalfrávikum. Miðgildið sýnir þá tölu þar sem helmingur svarenda liggur fyrir neðan og helmingur fyrir ofan. Að sama skapi sýna 25% mörkin þá tölu þar sem fjórðungur svarenda liggur fyrir neðan og 75% mörkin þýða að fjórðungur svarenda liggur fyrir ofan. Miðgildið er oft betra mat á miðlægni en meðaltalið þegar dreifing talnanna er skekkt. Með skekktri dreifingu er átt við það þegar örfáir einstaklingar eru með umtalsvert hærri eða umtalsvert lægri laun en meginþorri fólksins. Óflokkuð laun fólks er gott dæmi um skekka dreifingu þar sem jaðargildin eru í hærri enda launakvarðans. Þegar meðaltalið er hærra en miðgildið sýnir það að launadreifingin er með þeim hætti að tiltölulega fámenntur hópur fólks hefur há laun miðað við hópinn í heild en það dregur meðaltalið upp miðað við miðgildið. Staðal-

frávik er algengur mælikvarði á dreifingu svara í kringum meðaltal. Það segir til um hversu lík eða ólík svör þátttakenda við spurningu eru. Hátt staðalfrávik ber að túlka þannig að svör þátttakenda séu ólík en lágt staðalfrávik þannig að svörin séu lík.

Í myndrænni framsetningu á launaupplýsingum eru notuð línurit og svokölluð kassarit. Kassaritin gefa á mjög skýran og einfaldan hátt til kynna hvernig dreifingu einstaka breyta er háttað. Kassinn eða skyggði flöturinn gefur til kynna á milli hvaða tveggja tölugilda helmingur svara lendir. Í gegnum kassann liggur lárétt lína en hún sýnir miðju dreifingarinnar. Ef dreifingin er skekkt lendir þessi lína ofan eða neðan við miðju kassans. Út frá kassanum, bæði upp og niður, liggja strik, svonefnd skegg, sem gefa til kynna hversu langt hinn helmingur svaranna teygir sig upp eða niður. Gildi sem lenda 1,5 staðalfrávik eða meira frá meðaltali eru utan þessarar myndrænu framsetningar.

3. Almennar upplýsingar

Í þessum kafla eru athuguð svör fólks frá Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni við nokkrum almennum spurningum sem lýsa betur bakgrunni svarenda. Þetta eru spurningar varðandi kyn, nám, stöðu, starf og starfsaldur.

Mun fleiri konur en karlar eru skráðar sem félagsmenn í FVSA eða 61,3% konur og 38,7% karlar. Kynjahlutfall svarenda í könnuninni er 64,8% konur og 35,2% karlar. Nokkuð hærra hlutfall kvenna svarar könnuninni en eru í þýðinu og að sama skapi svara hlutfalllega færri karlar. Þessi munur er þó innan skekkjumarka sem þýðir að hægt er að fullyrða að svarendur endurspeglar þýðið nokkuð vel m.t.t. kynferðis.

Hvað menntun svarenda varðar þá hafa hlutfallslega flestir einungis lokið grunnskólaprófi eða 37,1% og 22,0% stúdentsprófi. Háskólaprófi hafa 12,6% lokið. Tengsl eru milli menntunar¹ og kynferðis þannig að karlar hafa almennt meiri menntun en konur.

Tafla 1. Menntun svarenda FVSA eftir kynferði.

	Allir		Karlar		Konur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Grunnskólapróf	197	37,1%	55	29,4%	142	41,3%
Verslunarpróf	49	9,2%	15	8,0%	34	9,9%
Iðnnám eða annað starfsnám	101	19,0%	54	28,9%	47	13,7%
Stúdentspróf	117	22,0%	32	17,1%	85	24,7%
Háskólapróf	67	12,6%	31	16,6%	36	10,5%
Fjöldi alls:	531	100%	187	100%	344	100%

Langflestir svarendur gegna þeirri stöðu að vera almennir starfsmenn í fyrirtækinu eða 66,4% svarenda, 27,6% eru millistjórnendur og 6,0% yfirstjórnendur. Tengsl eru milli kynferðis² og stöðu í fyrirtækinu þannig að mun hærra hlutfall karla en kvenna er í stjórnendastöðum. Um 76% kvenna eru almennir starfsmenn á móti rúmum 48% karla, 20,6% kvenna

¹ (Tau-c=,10; a=,029)

² (Tau-c=,26; a=,000)

eru millistjórnendur á mót 40,4% karla og 3% kvenna eru yfirstjórnendur á mót 11% karla.

Tafla 2. Staða svarenda FVSA í fyrirtækinu.

	Allir		Karlar		Konur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Yfirstjórnandi	32	6,0%	21	11,2%	11	3,2%
Millistjórnandi	147	27,6%	76	40,4%	71	20,6%
Almennur starfsmaður	354	66,4%	91	48,4%	263	76,2%
Fjöldi alls:	533	100%	188	100%	345	100%

Hvað störf svarenda varðar þá voru gefnir upp sjö valkostir auk opins valmöguleika, (1) almenn afgreiðslustörf (s.s. í matvöru- eða sérvöruverslun, apóteki, söluskála eða ferðamannaverslun), (2) sérþjálfaður starfsmaður verslana, með verkefnaumsjón (s.s. í matvöru- eða sérvöruverslun, apóteki, söluskála eða ferðamannaverslun), (3) almenn skrifstofustörf (s.s. afgreiðsla og/eða símavarsla), (4) sérhæfð skrifstofustörf (s.s. bókhald, gjaldkerastarf), (5) gestamóttaka hótela og gistiheimila, (6) lyfjatæknir og defectrice, (7) ferðamál (s.s. flugafgreiðsla, bílaleiga, ferðaskrifstofa eða afgreiðsla flutningafyrirtækja) og (8) annað. Mjög fáir svöruðu því til að þeir starfi við gestamóttöku hótela og gistiheimila og sem lyfjatæknar og defectrice þannig að svör þeirra voru sett saman við svör sem féllu undir valkostinn annað. Þetta var gert til að tryggja órekjanleika þeirra svara.

Flestir svarendur starfa við sérhæfð skrifstofustörf eða 32,3% svarenda og 25,7% við almenn afgreiðslustörf. Mun herra hlutfall kvenna en karla starfar við sérhæfð skrifstofustörf eða 48% kvenna á mót 28% karla. Ennfremur er mun herra hlutfall karla en kvenna sem fellur undir valkostinn annað en undir þann lið falla, auk framangreindra starfa, t.d. framkvæmdarstjórar og æðstu menn fyrirtækja.

Tafla 3. Starf svarenda FVSA í fyrirtækinu.

	Allir		Karlar		Konur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Almenn afgreiðslustörf	138	25,7%	39	20,7%	99	28,4%
Sérþjálfaður starfsmaður	89	16,6%	51	27,1%	38	10,9%
Almenn skrifstofustörf	46	8,6%	6	3,2%	40	11,5%
Sérhæfð skrifstofustörf	173	32,3%	46	24,5%	127	36,5%
Ferðamál	25	4,7%	14	7,4%	11	3,2%
Annað	65	12,1%	32	17,0%	33	9,5%
Fjöldi alls:	536	100%	188	100%	348	100%

Varðandi starfsaldur þá var annars vegar spurt um starfsaldur í sama eða sambærilegu starfi og viðkomandi væri í núna og hins vegar hversu lengi viðkomandi hafi starfað hjá fyrirtækinu sem hann starfar hjá núna.

Flestir hafa starfað í fleiri en 10 ár í sama eða sambærilegu starfi eða 47,7% svarenda, 18,1% í 5-10 ár og 34,1% í 5 ár eða skemur. Lítil munur er á starfsaldri karla og kvenna í sama eða sambærilegu starfi og þau eru í núna.

Tafla 4. Starfsaldur svarenda FVSA í sama eða sambærilegu starfi.

	Allir		Karlar		Konur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
5 ár eða skemur	173	34,1%	62	33,9%	111	34,3%
5,1 – 10 ár	92	18,1%	35	19,1%	57	17,6%
10,1 ár eða lengur	242	47,7%	86	47,0%	156	48,1%
Fjöldi alls:	507	100%	183	100%	324	100%

Við nánari skoðun á starfsaldri svarenda hjá núverandi vinnuveitanda má sá að flestir hafa starfað þar í 5 ár eða skemur eða 58,6%, 18,6% í 5-10 ár og 22,7% í fleiri en 10 ár.

Tafla 5. Starfsaldur svarenda FVSA hjá núverandi vinnuveitanda.


	Allir		Karlur		Konur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
5 ár eða skemur	302	58,6%	104	56,5%	198	59,8%
5,1 – 10 ár	96	18,6%	39	21,1%	57	17,2%
10,1 ár eða lengur	117	22,7%	41	22,3%	76	23,0%
Fjöldi alls:	515	100%	184	100%	331	100%

4. Upplýsingar um laun


Í þessum kafla er fjallað um laun og launagreiðslur s.s. starfshlutfall, heildarlaun, skiptingu launa, launataxta og vinnutíma. Spurt var tíu spurninga er lúta að þessum þáttum og var þeim skipt niður í fjóra undirkafla, (1) vinnutíma, (2) heildarlaun og grunnlaun, (3) aukagreiðslur og (4) launaupplýsingar eftir kaupþöxtum.

4.1 Vinnutími

Í þessum hluta er fjallað um vinnutíma, þ.e. starfshlutfall og lengd vinnuviku. Í langflestum tilvikum eru svarendur í fullu starfi eða 63,8% svarenda, 22% eru í reglulegu hlutastarfi og rúm 14% svarenda eru ekki í ákveðnu starfshlutfalli. Við nánari athugun á þeim sem eru í reglulegu starfshlutfalli kemur í ljós að langflestir eru í hálfu starfi eða meira eða 104 talsins og 12 eru í lægra starfshlutfalli en hálfu starfi. Algengast er að viðkomandi sé í 50% starfshlutfalli, 25 manns, 13 manns eru í 80% starfshlutfalli og 9 manns eru í 70%. Sami fjöldi í 75% starfshlutfalli. Færri eru í öðrum starfshlutföllum en þessum.



Mynd 2. Ert þú í fullu starfi, reglulegu hlutastarfi eða ert þú ekki í föstu starfshlutfalli?




Mynd 3. Tíðni reglulegs starfshlutfalls.

Greina má tengsl milli kynferðis³ og starfshlutfalls þannig að miklu fleiri karlar en konur eru í fullu starfi eða 89,4% karla á móti 49,4% kvenna. Rúmlega helmingur kvenna er í skertu starfshlutfalli eða 50,6% á móti 10,6% karla. Hlutfallslega færri starfsfólk með grunnenntun og stúdentspróf er í fullu starfi eða um 55% þeirra á móti um 70% eða hærra hlutfall starfsfólks með aðra menntun. Munurinn reyndist þó ekki marktækur.

Tafla 6. Starfshlutfall eftir kyni og menntun.

	Í fullu starfi		Í reglulegu hluta- starfi 50-99%		Í reglulegu hluta- starfi 1-49%		Ekki í ákveðnu starfshlutfalli	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Allir	336	63,8%	104	19,7%	12	2,3%	75	14,2%
Karlar	169	89,4%	4	2,1%	2	1,1%	14	7,4%
Konur	167	49,4%	100	29,6%	12	2,3%	61	18,0%
Grunnskólapróf	105	55,6%	48	25,4%	5	2,6%	31	16,4%
Verslunarpróf	34	69,4%	13	26,5%	-	-	2	4,1%
Iðnnám eða annað starfsnám	80	80,0%	14	14,0%	-	-	6	6,0%
Stúdentspróf	64	55,2%	16	13,8%	4	3,4%	32	27,6%
Háskólapróf	49	73,1%	12	17,9%	2	3,0%	4	6,0%



Mynd 4. Starfshlutfall eftir kyni og menntun.

Hins vegar má sjá tengsl milli stöðu⁴ svarenda innan fyrirtækisins og starfshlutfalls. Mun hærra hlutfall almennra starfsmanna er í skertu hlutfalli en yfir- eða millistjórnendur


³ (Tau-c=,35; α=,000)

⁴ (Tau-c=,21; α=,000)

eða 46,2% almennra starfsmanna á móti 17,2% millistjórnenda og 12,5% yfirstjórnenda. Ennfremur eru tengsl milli eðli starfs⁵ og starfshlutfalls þannig að mun lægra hlutfall þeirra sem vinna við almenn afgreiðslu- og skrifstofustörf er í fullu starfi en þeir sem falla undir önnur störf. Jafnframt má sjá að mun algengara er að einstaklingar í þessum störfum (almennum afgreiðslu- og skrifstofustörfum) séu í óreglulegu starfshlutfalli.

Tafla 7. Starfshlutfall eftir stöðu og starfi

	Í fullu starfi		Í reglulegu hluta- starfi 50-99%		Í reglulegu hluta- starfi 1-49%		Ekki í ákveðnu starfshlutfalli	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Yfirstjórnandi	28	87,5%	3	9,4%	1	3,1%	-	-
Millistjórnandi	120	82,8%	16	11,0%	1	0,7%	8	5,5%
Almennur starfsmaður	186	53,8%	83	24,0%	10	2,9%	67	19,4%
Almenn afgreiðslustörf	61	47,3%	30	23,3%	3	2,3%	35	27,1%
Sérþjálfaður starfsmaður	67	76,1%	12	13,6%	2	2,3%	7	8,0%
Almenn skrifstofustörf	18	39,1%	10	21,7%	1	2,2%	17	37,0%
Sérhæfð skrifstofustörf	125	72,3%	36	20,8%	4	2,3%	8	4,6%
Ferðamál	18	72,0%	5	20,0%	-	-	2	8,0%
Annað	46	70,8%	11	16,9%	2	3,1%	6	9,2%




Mynd 5. Starfshlutfall eftir stöðu og starfi.

⁵ (Tau-c=,14; α=,000)

Starfsaldur⁶ hefur einnig áhrif það í hversu háu starfshlutfalli viðkomandi einstaklingur er hvort heldur sem er varðandi sama eða sambærilegt starf eða í núverandi starfi. Hvað varðar sama eða sambærilegt starf þá má sjá að þeir sem hafa stystan starfsaldur eru hlutfallslega færri í fullu starfi (51%) en þeir sem hafa lengri starfsaldur (70-72%) og mun hærra hlutfall sem ekki er í ákveðnu starfshlutfalli (29% á móti 4-10%). Sama er að segja varðandi starfsaldur hjá sama fyrirtæki en þar eru líka þeir sem hafa stystan starfsaldur sem eru hlutfallslega færri í fullu starfi og hlutfallslega fleiri ekki í ákveðnu starfshlutfalli. Munurinn er þó nokkuð minni en í sama eða sambærilegu starfi.

Tafla 8. Starfshlutfall eftir starfsaldri.

	Í fullu starfi		Í reglulegu hluta- starfi 50-99%		Í reglulegu hluta- starfi 1-49%		Ekki í ákveðnu starfshlutfalli	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
<i>Í sama eða sambærilegu starfi</i>								
5 ár eða skemur	87	50,9%	28	16,4%	6	3,5%	50	29,2%
5,1 – 10 ár	64	70,3%	18	19,8%	-	-	9	9,9%
10,1 ár eða lengur	171	72,2%	53	22,4%	4	1,7%	9	3,8%
<i>Hjá sama fyrirtæki</i>								
5 ár eða skemur	179	60,1%	57	19,1%	8	2,7%	54	18,1%
5,1 – 10 ár	66	69,5%	16	16,8%	-	-	13	13,7%
10,1 ár eða lengur	79	70,5%	26	23,2%	3	2,7%	4	3,6%



Mynd 6. Starfshlutfall eftir starfsaldri.

⁶ Sama eða sambærilegt starf: (Tau-c=,19; α=,000), í núverandi starfi: (Tau-c=,09; α=,00)

Almennt séð má sjá að allir svarendur í 50% stöðugildi eða hærra vinna að meðaltali tæpar 40 klst. á viku en sá sem vinnur lengsta vinnuviku skilar að meðaltali um 90 klst. á viku en sá sem vinnur minnst skilar að meðaltali um 10 klst. á viku. Miðgildið er 40 klst. vinnuvika sem þýðir að helmingur svarenda skilar færri stundum en 40 klst. vinnuviku og helmingurinn skilar fleiri stundum en 40 klst. Þar sem meðaltal og miðgildi er nær það sama er hægt að segja að það ríki jafnvægi í dreifingu vinnustunda.

Tafla 9. Vinnutími svarenda í 50% starfshlutfalli eða hærra, eftir kyni.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið- gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Allir	454	39,9	40,0	10	90	11,2
Karlar	171	45,9	45,0	10	90	8,8
Konur	283	36,3	38,0	10	88	10,9

Sé eingöngu horft til þeirra sem stunda fulla vinnu þá kemur í ljós að meðalvinnuvikan er 44 klst. og helmingur svarenda vinnur 42 klst. á viku. Sá sem vinnur lengsta vinnuviku vinnur 90 klst. á viku en sá sem vinnur stysta vinnuviku vinnur 28 klst. á viku. Athugið að í báðum tilvikum er um að ræða fullt starf.

Karlar í fullu starfi vinna að jafnaði mun lengri vinnuviku⁷ en konur eða 46,6 klst. að meðaltali á viku á móti 41,6 klst. að meðaltali hjá konum. Ennfremur má sjá að helmingur karla vinnur að meðaltali 45 klst. á viku á meðan helmingur kvenna vinnur 40 klst. á viku. Dreifing svara er mun meiri hjá körlum en konum eins og sjá má á lögsta og hæsta gildi. Staðalfrávik sýnir dreifingu svara í kringum meðaltal og þar kemur í ljós að svör kvenna eru aðeins líkari en svör karla þar sem staðalfrávik kvenna er lægra. Lágt staðalfrávik ber að túlka þannig að svör séu lík en hátt staðalfrávik að þau séu ólík.

⁷ (Tau-c=,47; α=,000)

Tafla 10. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir kyni.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið- gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Allir	331	44,1	42,0	28	90	6,9
Karlar	165	46,6	45,0	32	90	7,6
Konur	166	41,6	40,0	28	60	5,1

Hvað menntun varðar þá hefur hún ekki afgerandi áhrif á lengd vinnuviku. Svarendur með iðnnám eða annað starfsnám vinna að meðaltali lengsta vinnuviku eða 46,7 klst. og helmingur þeirra vinnur 44,5 klst. eða minna á viku. Svarendur með stúdentspróf vinna að meðaltali stysta vinnuviku eða 42,5 klst. að meðaltali og helmingur þeirra vinnu 40 klst. eða minna á viku.

Karlar með iðnnám eða annað starfsnám vinna lengsta vinnuvikum af körlum eða að meðaltali 48,4 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 46 klst. eða minna á viku. Helmingur karla með verslunarpróf vinnur þó 50 klst. á viku en að meðaltali vinna karlar með verslunarpróf 46,5 klst. á viku. Karlar með stúdentspróf vinna að meðaltali stysta vinnuviku af körlum eða 44,7 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 45 klst. á viku.

Konur með verslunarpróf vinna lengsta vinnuviku af konum eða að meðaltali 50,6 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 40 klst. eða minna á viku. Konur með grunnskólapróf og stúdentspróf vinna að meðaltali stysta vinnuviku meðal kvenna eða um 41 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 40 klst. eða minna á viku.

Tafla 11. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir menntun.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið- gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Grunnskólapróf	103	43,5	42,0	30	60	5,6
Verslunarpróf	34	42,8	40,1	30	53	5,6
Iðnnám eða annað starfsn.	78	46,7	44,5	28	90	10,0
Stúdentspróf	63	42,5	40,0	34	58	5,3
Háskólapróf	49	44,3	43,0	34	60	5,8

Tafla 12. Vinnutími karla í fullu starfi eftir menntun.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið- gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Grunnskólapróf	46	46,4	47,3	35	60	5,6
Verslunarpróf	13	46,4	50,0	36	53	5,4
Iðnnám eða annað starfsn.	49	48,4	46,0	32	90	10,4
Stúdentspróf	26	44,7	45,0	35	58	6,0
Háskólapróf	29	45,8	45,0	34	60	6,4

Tafla 13. Vinnutími kvenna í fullu starfi eftir menntun.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið- gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Grunnskólapróf	57	41,1	40,0	30	52	4,3
Verslunarpróf	21	50,6	40,0	30	49	4,6
Iðnnám eða annað starfsn.	29	43,8	40,0	28	60	7,9
Stúdentspróf	37	41,0	40,0	34	56	4,2
Háskólapróf	20	42,1	40,5	34	50	3,8

Tengsl eru milli stöðu⁸ hjá fyrirtækinu og lengd vinnuviku þannig að hærri staða þýðir lengri vinnuviku. Yfirstjórnendur vinna að meðaltali 47,5 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 48 klst. eða minna á viku. Millistjórnendur vinna að meðaltali 45,2 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 44 klst. eða minna á viku. Almennir starfsmenn vinna að meðaltali 42,9 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 40 klst. eða minna á viku.

Karlar í yfirstjórnendastöðu vinna að meðaltali 48,3 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 47,1 klst. eða minna á viku. Karlar í millistjórnendastöðu vinna að meðaltali 45,8 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 46,5 klst. eða minna á viku. Karlar sem starfa sem almennir starfsmenn vinna að meðaltali 45,8 klst. á vikur og helmingur þeirra vinnur 45 klst. eða minna á viku.

Konur í yfirstjórnendastöðu vinna að meðaltali 45,4 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 48 klst. eða minna á viku. Kvenkyns yfirstjórnendur vinna að meðaltali styttri vinnuviku

⁸ (Tau-c=,23; α=,000)

en karlar í almennum störfum og reyndar karlmenn í öllum stöðum. Jafnframt má sjá að kvenkyns yfirstjórnendur hafa ólíka vinnuviku og dreifing svara er nokkuð mikil. Konur í millistjórnendastöðu vinna að meðaltali 42,6 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 40 klst. eða minna á viku. Konur sem starfa sem almennir starfsmenn vinna að meðaltali 40,9 klst. á vikur og helmingur þeirra vinnur 40 klst. eða minna á viku.

Tafla 14. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir stöðu.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið- gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Yfirstjórnandi	27	47,5	48,0	30	85	10,5
Millistjórnandi	118	45,2	44,0	34	90	7,0
Almennur starfsmaður	184	42,9	40,1	28	62	5,9

Tafla 15. Vinnutími karla í fullu starfi eftir stöðu.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið- gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Yfirstjórnandi	20	48,3	47,5	32	85	10,1
Millistjórnandi	68	47,1	46,5	34	90	7,6
Almennur starfsmaður	76	45,8	45,0	35	62	6,5

Tafla 16. Vinnutími kvenna í fullu starfi eftir stöðu.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið- gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Yfirstjórnandi	7	45,4	48,0	30	60	10,1
Millistjórnandi	50	42,6	40,0	34	60	5,2
Almennur starfsmaður	108	40,9	40,0	28	57	4,5

Hvað starf varðar þá hefur það lítil áhrif á lengd vinnuviku svarenda en þó má sjá að sérþjálfaðir starfsmenn verslana vinna almennt lengri vinnuviku en aðrir eða að meðaltali 47,3 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 47 klst. eða minna á viku. Svarendur í sérhæfðum skrifstofustörfum vinna að meðaltali stystu vinnuvikuna eða 41,7 klst. að meðaltali á viku og helmingur þeirra vinnur 40 klst. eða minna á viku.

Karlar sem starfa sem sérþjálfaðir starfsmenn verslana og karlar í öðrum störfum vinna að meðaltali lengsta vinnuviku meðal karla eða 48 klst. á viku. Helmingur karla sem starfa sem sérþjálfaðir starfsmenn verslana vinnur 49,5 klst. eða

minna á viku. Karlar í almennum skrifstofustörfum vinna að meðaltali stysta vinnuviku meðal karla eða 44 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 40 klst. eða minna á viku.

Konur sem starfa sem sérþjálfaðir starfsmenn verslana vinna einnig lengsta vinnuviku meðal kvenna eða 45,6 klst. á viku og helmingur þeirra vinnu 44 klst. eða minna á viku. Konur á skrifstofu vinna að meðaltali stysta vinnuviku meðal kvenna eða um 40 klst. á viku. Dreifing svara kvenna á skrifstofu er nokkuð jöfn þar sem meðaltalið og miðgildið er nánast það sama.

Tafla 17. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Almenn afgreiðslustörf	61	44,7	45,0	30	62	6,4
Sérþj. starfsmaður verslana	65	47,3	47,0	38	60	5,6
Almenn skrifstofustörf	17	41,5	40,0	32	60	5,8
Sérhæfð skrifstofustörf	124	41,7	40,0	28	60	5,4
Ferðamál	18	44,7	44,7	35	55	5,6
Annað	45	45,9	43,0	30	90	10,6

Tafla 18. Vinnutími karla í fullu starfi eftir starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Almenn afgreiðslustörf	29	46,4	48,0	35	62	7,1
Sérþj. starfsmaður verslana	46	48,0	49,5	40	60	4,7
Almenn skrifstofustörf	5	44,0	40,0	32	60	10,6
Sérhæfð skrifstofustörf	42	44,8	45,0	34	60	6,3
Ferðamál	13	45,7	45,0	35	55	5,6
Annað	29	48,0	43,0	38	90	12,3

Tafla 19. Vinnutími kvenna í fullu starfi eftir starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið-gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Almenn afgreiðslustörf	32	43,2	42,3	30	55	5,5
Sérþj. starfsmaður verslana	19	45,6	44,0	38	60	7,1
Almenn skrifstofustörf	12	40,4	40,0	38	45	2,0
Sérhæfð skrifstofustörf	82	40,0	40,0	28	56	4,1
Ferðamál	5	42,2	40,0	38	48	5,4
Annað	16	42,0	42,0	30	49	4,9

Starfsaldur hefur lítið með vinnutímann að segja hvort sem lítið er til sama eða samskonar starfs eða núverandi starfs. Þó má lesa úr tölunum að minni starfsaldur þýðir lengri vinnutíma þó jaðartilfelli séu hærri hjá þeim sem hafa unnið lengur. Svarendur sem starfað hafa í 10 ár eða minna í sama eða sambærilegu starfi vinna að meðaltal 44,9 klst. vinnuviku en þeir sem hafa starfað í meira en tíu ár 43,5 klst. á viku.

Karlar sem starfað hafa í 5 ár eða skemur vinna lengsta vinnuviku af körlum eða 47,2 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 48 klst. á viku eða minna. Karlar sem starfað hafa lengur en í 5 ár í sama eða sambærilegu starfi vinna stystu vinnuviku af körlum eða 46,3 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur tæpar 45 klst. eða minna á viku.

Konur með 5-10 ára starfsaldur í sama eða sambærilegu starfi vinna lengstu vinnuviku af konum eða rúmar 42,7 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 41 klst. eða minna á viku. Konur sem unnið hafa í 10 ár eða lengur í sama eða sambærilegu starfi vinna stysta vinnuviku af konum eða rúmar 41 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 40 klst. eða minna á viku.

Tafla 20. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	86	44,9	42,0	30	85	7,6
5,1 – 10 ár	63	44,9	44,0	35	60	6,4
10,1 ár eða lengur	169	43,5	41,0	28	90	6,9

Tafla 21. Vinnutími karla í fullu starfi eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	49	47,2	48,0	35	85	8,7
5,1 – 10 ár	32	47,0	46,0	35	60	6,2
10,1 ár eða lengur	79	46,3	45,0	32	90	7,5

Tafla 22. Vinnutími kvenna í fullu starfi eftir starfsaldri í sama eða sambærilegu starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið-gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	37	41,8	40,0	30	52	4,5
5,1 – 10 ár	31	42,7	41,0	35	60	5,8
10,1 ár eða lengur	90	41,0	40,0	28	60	5,2

Svarendur sem starfað hafa í 5-10 ár í sama eða sambærilegu starfi vinna að meðaltali lengsta vinnuviku, rúmar 45,2 klst. á viku en þeir sem starfað hafa í 10 ár eða lengur vinna að meðaltali tæpar 42,8 klst. á viku.

Karlar sem starfað hafa í 5 ár eða skemur vinna lengsta vinnuviku af körlum eða 47,5 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 48 klst. á viku eða minna. Karlar sem starfað hafa lengur en í 10 ár hjá núverandi fyrirtæki vinna stystu vinnuviku af körlum eða að meðaltali 44,4 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 43 klst. eða minna á viku.

Konur með 5-10 ára starfsaldur hjá núverandi fyrirtæki vinna lengstu vinnuviku af konum eða að meðaltali 42,9 klst. á viku og helmingur þeirra vinnur 41 klst. eða minna á viku. Konur sem unnið hafa í 5 ár eða skemur og lengur en 10 ár hjá núverandi fyrirtæki vinna stysta vinnuviku af konum eða rúma 41 klst. að meðaltali á viku og helmingur þeirra vinnur 40 klst. eða minna á viku.

Tafla 23. Vinnutími svarenda í fullu starfi eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	175	44,3	42,0	28	90	7,7
5,1 – 10 ár	65	45,2	44,0	37	60	6,0
10,1 ár eða lengur	79	42,8	41,0	30	60	6,1

Tafla 24. Vinnutími karla í fullu starfi eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	87	47,5	48,0	32	90	8,9
5,1 – 10 ár	36	47,0	46,2	38	58	5,5
10,1 ár eða lengur	39	44,4	43,0	35	60	5,8

Tafla 25. Vinnutími kvenna í fullu starfi eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið-gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	88	41,2	40,0	28	52	4,5
5,1 – 10 ár	29	42,9	41,0	37	60	5,9
10,1 ár eða lengur	40	41,3	40,0	30	60	6,0

Þegar meðalvinnuvikan hjá starfsfólki í fullu starfi er skoðuð eftir fyrirkomulagi á yfirvinnu má sjá að þeir sem eru með yfirvinnu innifalda í launum vinna lengstu vinnuvikuna. Þeir vinna að meðaltali 44 klst. á viku en þeir sem fá yfirvinnu greidda að hluta vinna að meðaltali 41 klst. á viku. Þeir sem fá að fullu greitt fyrir sína yfirvinnu vinna að meðaltali 39 klst. á viku og þeir sem vinna ekki yfirvinnu vinna að meðaltali 31 klst. á viku.

Að jafnaði vinnur starfsfólk að meðaltali 23 klst. á mánuði í eftir- eða yfirvinnu. Greinilegt var að margir gerðu ekki greinarmun á því hvað er eftirvinna eða yfirvinna. Af þeim sökum var þessum tveimur breytum steypt saman í eina breytu sem er hér eftir kölluð yfirvinna. Aðeins 15 manns svöruðu því til að þeir ynnu bæði eftirvinnu og yfirvinnu.

Tengsl eru milli yfirvinnustunda og kynferðis⁹. Meðalyfirvinnustundir karla eru 26 en meðalyfirvinnustundir kvenna eru 21 og munar þar um 5 klst. að meðaltali í hverjum mánuði. Helmingur karla vinnur 20 yfirvinnustundir eða minna í hverjum mánuði á meðan helmingur kvenna vinnur 16 yfirvinnustundir eða minna á mánuði. Dreifing yfirvinnustunda milli starfsfólks er skekkt þar sem staðalfráviknið er mjög hátt og meðaltal og miðgildi nokkuð frábrugðin. Þetta þýðir í raun að það eru örfáir einstaklingar sem skera sig verulega úr og vinna mjög mikla yfirvinnu og hækka þannig meðalatalið.

Tafla 26. Yfirvinnustundir eftir kyni.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Allir	277	23,3	17,3	0	160	21,0
Karlar	117	25,9	20,0	1	160	22,8
Konur	160	21,4	16,0	0	150	19,4

Hvað menntun varðar þá hefur hún ekki afgerandi áhrif á fjölda yfirvinnustunda starfsfólks á mánuði en þó má sjá að háskólamenntaðir félagsmenn vinna að flestar yfirvinnustundir á mánuði eða 25,1 yfirvinnustund að meðaltali á mánuði og

⁹ (Tau-c=,14; α =,047)

helmingur þeirra vinnur 20 yfirvinnustundir eða færri á mánuði. Félagsmenn með verslunarpróf vinna að meðaltali fæstar yfirvinnustundir á mánuði eða að meðaltali 21,5 yfirvinnustundir á mánuði og helmingur þeirra vinnur 16,5 yfirvinnustundir eða færri á mánuði.

Karlar með háskólapróf vinna flestar yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði eða tæpar 33 stundir á mótí 26 stundir eða færri hjá öðrum. Konur með stúdentspróf og grunnskóla-próf vinna að meðaltali 23 stundir í yfirvinnu á mánuði á meðan aðrir hópar vinna 20 stundir eða færri.

Tafla 27. Yfirvinnustundir svarenda eftir menntun

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Grunnskólapróf	113	23,4	19,8	1	82	17,0
Verslunarpróf	28	21,5	16,5	0	51	15,4
Iðnnám eða annað starfsn.	56	23,4	16,7	1	110	21,7
Stúdentspróf	47	22,5	10,0	3	150	25,8
Háskólapróf	31	25,1	20,0	2	160	28,9

Tafla 28. Yfirvinnustundir karla eftir menntun.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Grunnskólapróf	35	24,9	20,0	1	82	20,9
Verslunarpróf	13	24,3	18,0	4	51	16,3
Iðnnám eða annað starfsn.	34	25,6	20,0	1	110	20,7
Stúdentspróf	16	20,9	13,5	5	60	17,5
Háskólapróf	18	32,5	24,5	2	160	35,3

Tafla 29. Yfirvinnustundir kvenna eftir menntun.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Grunnskólapróf	78	22,7	19,0	3	65	15,0
Verslunarpróf	15	19,1	15,0	0	46	14,2
Iðnnám eða annað starfsn.	22	20,0	14,5	4	103	23,1
Stúdentspróf	31	23,4	9,0	3	150	29,4
Háskólapróf	13	14,8	12,0	2	40	10,9

Staða starfsfólks hjá fyrirtækinu hefur lítil áhrif á unna yfirvinnu á mánuði en þó má sjá að almennir starfsmenn vinna að meðaltali flestar yfirvinnustundir á mánuði eða 23,9

yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 22,9 yfirvinnustundir eða færri á mánuði. Sá aðili sem vinnur flestar yfirvinnustundir á mánuði vinnur um 160 yfirvinnustundir á mánuði og er í stöðu almenns starfsmanns. Yfirstjórnendur vinna að meðaltali fæstar yfirvinnustundir á mánuði eða 21,8 yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 17 yfirvinnustundir eða færri á mánuði.

Karlkyns yfirstjórnendur vinna fæstar yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði eða aðeins tæpar 23 stundir að meðaltali á mánuði en karlmenn í öðrum stöðum vinna að meðaltali 26 stundir eða fleiri. Hjá konum eru það millistjórnendur sem vinna að meðaltali fæstar yfirvinnustundir á mánuði eða tæpar 17 stundir að meðaltali á mótí 19 stundum eða fleiri hjá konum í öðrum stöðum innan fyrirtækisins.

Tafla 30. Yfirvinnustundir eftir stöðu.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Yfirstjórnandi	20	21,8	17,0	5	48	14,5
Millistjórnandi	75	22,1	18,0	1	66	17,2
Almennur starfsmaður	180	23,9	22,9	0	160	22,9

Tafla 31. Yfirvinnustundir karla eftir stöðu.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Yfirstjórnandi	15	22,7	20,0	5	48	15,0
Millistjórnandi	42	26,3	23,5	1	66	18,6
Almennur starfsmaður	59	26,0	19,5	2	160	26,8

Tafla 32. Yfirvinnustundir kvenna eftir stöðu.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Yfirstjórnandi	5	19,2	12,0	6	38	14,0
Millistjórnandi	33	16,8	14,0	2	63	13,7
Almennur starfsmaður	121	22,9	17,0	0	150	20,8

Tengsl eru milli starfs¹⁰ og fjölda yfirvinnustunda að meðaltali á mánuði. Félagsmenn í almennum afgreiðslustörfum vinna

¹⁰ (Tau-c=,14; α=,002)

að meðaltali langflestar yfirvinnustundir á mánuði eða að meðaltali 30,3 yfirvinnustundir á mánuði og helmingur þeirra vinnur 28 yfirvinnustundir eða færri á mánuði. Félagsmenn sem starfa við ferðamál vinna að meðaltali helmingi færri yfirvinnustundir á mánuði eða að 16,1 yfirvinnustund að meðaltali á mánuði en félagsmenn í þessari starfsgrein vinna fæstar yfirvinnustundirnar á mánuði.

Hvað karla varðar þá eru það karlmenn í sérhæfðum skrifstofustörfum sem vinna flestar yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði eða rúmar 30 stundir á móti 27 stundum eða færri hjá körlum í öðrum störfum. Konur í almennum afgreiðslustörfum vinna að meðaltali tæpar 32 stundir í yfirvinnu á mánuði á meðan konur í öðrum störfum vinna að meðaltali tæpar 18 stundir eða færri. Hafa ber þó í huga hversu stórt staðalfrávik er í þessum störfum bæði hjá körlum og konum sem þýðir að örfáir einstaklingar eru að vinna mikla yfirvinnu.

Tafla 33. Yfirvinnustundir eftir starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Almenn afgreiðslustörf	77	30,3	28,0	3	150	25,6
Sérþj. starfsmaður verslana	60	22,1	20,0	2	66	15,3
Almenn skrifstofustörf	17	17,2	14,0	0	52	15,1
Sérhæfð skrifstofustörf	70	21,1	12,8	1	160	23,6
Ferðamál	19	16,1	15,0	1	40	11,2
Annað	33	20,3	17,0	2	65	13,9

Tafla 34. Yfirvinnustundir karla eftir starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Almenn afgreiðslustörf	22	27,1	24,1	3	110	25,6
Sérþj. starfsmaður verslana	34	26,4	25,0	2	66	17,1
Almenn skrifstofustörf	3	15,7	10,0	8	29	11,6
Sérhæfð skrifstofustörf	27	30,4	20,0	1	160	32,5
Ferðamál	11	16,0	12,0	1	39	11,4
Annað	19	23,1	20,0	2	65	16,2

Tafla 35. Yfirvinnustundir kvenna eftir starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
Almenn afgreiðslustörf	55	31,5	28,0	3	150	25,7
Sérþj. starfsmaður verslana	26	16,4	15,0	4	38	10,4
Almenn skrifstofustörf	14	17,5	14,5	0	52	16,1
Sérhæfð skrifstofustörf	43	15,3	10,0	3	63	13,2
Ferðamál	8	16,4	15,0	4	40	11,6
Annað	14	16,6	16,1	4	31	9,1

Starfsaldur hefur lítil áhrif á unnar yfirvinnustundir á mánuði hvort sem litið er til sama eða samskonar starfs eða núverandi starfs.

Það má þó sjá að hærri starfsaldur í sama eða samskonar starfi þýðir færri unnar yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði. Félagsmenn sem hafa stystan starfsaldur í sama eða samskonar starfi vinna að meðaltali flestar yfirvinnustundirnar eða 25,6 yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 19,3 yfirvinnustundir á mánuði. Þeir sem starfað hafa lengur en í 10 ár vinna að meðaltali 21,4 yfirvinnustundir á mánuði og helmingur þeirra vinnur 16 yfirvinnustundir eða færri á mánuði.

Karlar sem starfað hafa í 5 ár eða skemur í sama eða samskonar starfi vinna að meðaltali flestar yfirvinnustundir á mánuði af körlum eða 27,9 yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 20 yfirvinnustundir eða færri á mánuði. Karlar sem starfað hafa í 5-10 ár í sama eða samskonar starfi vinna að meðaltali færstar yfirvinnustundir á mánuði eða 24,2 yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 22 yfirvinnustundir eða færri á mánuði.

Konur vinna nokkuð færri yfirvinnustundir á mánuði en karlar. Konur sem starfað hafa í 5 ár eða skemur í sama eða samskonar starfi vinna að meðaltali flestar yfirvinnustundir af konum eða 23,2 yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 17 yfirvinnustundir eða færri á mánuði. Konur sem starfað hafa lengur en í 10 ár í sama eða samskonar starfi vinna að meðaltali færstar yfirvinnustundir á

mánuði eða 19 yfirvinnustundir að meðaltali og helmingur þeirra vinnur 15 yfirvinnustundir eða færri á mánuði.

Tafla 36. Yfirvinnustundir svarenda eftir starfsaldri í sama eða samskonar starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	82	25,6	19,3	1	160	25,3
5,1 – 10 ár	52	21,9	16,7	0	82	16,7
10,1 ár eða lengur	131	21,4	16,0	2	76	16,7

Tafla 37. Yfirvinnustundir karla eftir starfsaldri í sama eða samskonar starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	41	27,9	20,0	1	160	29,6
5,1 – 10 ár	21	24,2	22,0	3	82	20,1
10,1 ár eða lengur	54	24,8	20,0	2	76	17,7

Tafla 38. Yfirvinnustundir kvenna eftir starfsaldri í sama eða samskonar starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Mið-gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	41	23,2	17,0	4	103	20,2
5,1 – 10 ár	31	20,3	16,3	0	65	14,2
10,1 ár eða lengur	77	19,0	15,0	2	64	15,7

Félagsmenn sem hafa stystan starfsaldur í núverandi starfi vinna að meðaltali fæstar yfirvinnustundir á mánuði eða 22,1 yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 17 yfirvinnustundir á mánuði. Þeir sem starfað hafa í 5-10 ár vinna að meðaltali flestar yfirvinnustundir á mánuði eða 24,0 yfirvinnustund að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 16,4 yfirvinnustundir eða færri á mánuði.

Karlar sem starfað hafa í 5-10 ár í núverandi starfi vinna að meðaltali flestar yfirvinnustundir á mánuði af körlum eða 29,9 yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 25 yfirvinnustundir eða færri á mánuði. Karlar sem starfað hafa lengur en 10 ár í núverandi starfi vinna að meðaltali fæstar yfirvinnustundir á mánuði eða 24,6 yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 17,5 yfirvinnustundir eða færri á mánuði.

Konur sem starfað hafa lengur en 10 ár í núverandi starfi vinna að meðaltali flestar yfirvinnustundir af konum eða 23,5

yfirvinnustundir að meðaltali á mánuði og helmingur þeirra vinnur 18 yfirvinnustundir eða færri á mánuði. Konur sem starfað hafa lengur en í 5-10 ár í núverandi starfi vinna að meðaltali fæstar yfirvinnustundir á mánuði eða 18,3 yfirvinnustundir að meðaltali og helmingur þeirra vinnur 15 yfirvinnustundir eða færri á mánuði.

Tafla 39. Yfirvinnustundir svarenda eftir starfsaldri í núverandi starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	155	22,1	17,0	0	160	21,1
5,1 – 10 ár	49	24,0	16,4	4	82	18,5
10,1 ár eða lengur	61	23,5	18,0	2	66	17,3

Tafla 40. Yfirvinnustundir karla eftir starfsaldri í núverandi starfi.

	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	66	24,9	20,0	1	160	25,1
5,1 – 10 ár	24	29,9	25,0	6	82	21,6
10,1 ár eða lengur	24	24,6	17,5	4	66	18,4

Tafla 41. Yfirvinnustundir kvenna eftir starfsaldri hjá núverandi fyrirtæki.


	Fjöldi	Meðal- tal	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðal- frávik
5 ár eða skemur	89	20,1	15,0	0	103	17,4
5,1 – 10 ár	25	18,3	15,0	4	51	13,0
10,1 ár eða lengur	61	23,5	18,0	2	66	17,3

4.2 Heildarlaun og grunnlaun

Í þessum hluta er fjallað um laun starfsfólks þ.e. heildarlaun og grunnlaun eða föst mánaðarlaun. Aðeins eru teknir með þeir einstaklingar sem eru í 50% starfshlutfalli eða hærra. Laun þeirra sem eru í 50-99% starfshlutfalli voru reiknuð upp í 100% starf. Hafa ber í huga að í þeim tilvikum þegar um frekar fáa einstaklingar er að ræða gefa launaupplýsingar frekar vísbendingar um laun en beina viðmiðun.


Alls eru það 376 manns sem gáfu upplýsingar um grunnlaun sín og eru í 50% starfshlutfalli eða hærra. Almennt séð má sjá að meðalgrunnlaun eru 232 þúsund á mánuði en 50%

svarenda hefur 217 þúsund í grunnlaun á mánuði eða minna og 25% herra en 275 þúsund í grunnlaun á mánuði. Fjórðungur svarenda hefur 164 þúsund eða minna í grunnlaun á mánuði. Hæstu grunnlaunin eru 565 þúsund á mánuði og þau lægstu 75 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn hefur rúmlega sjöföld grunnlaun þess launalægsta.



Mynd 7. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna

Alls gáfu 420 manns upp heildarlaun sín. Meðalheildarlaun eru 260 þúsund á mánuði og helmingur svarenda hefur 240 þúsund eða minna í heildarlaun á mánuði. Fjórðungur svarenda hefur 195 þúsund eða minna í heildarlaun á mánuði og fjórðungur svarenda eða fleiri hafa yfir 300 þúsund á mánuði í heildarlaun. Launahæsti félagsmaðurinn hefur 612 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti hefur 84 þúsund á mánuði í heildarlaun, eða nær sjöfalt lægri heildarlaun en sá launahæsti.



Mynd 8. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna

Þar sem meðaltal bæði grunnlauna og heildarlauna er hærra en miðgildið þýðir það að örfáir einstaklingar hafa mun hærri laun en meginþorrinn og toga þannig meðaltalið upp. Miðgildið gefur því betri upplýsingar varðandi miðlægni launa.

Kynferði hefur áhrif á laun starfsfólks hvort heldur sem litið er til grunnlauna¹¹ eða heildarlauna¹². Karlar hafa að meðaltali mun hærri laun en konur bæði grunnlaun og heildarlaun.


Tafla 42. Dreifing grunn- og heildarlauna svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni.

Í þús.	Dreifing grunnlauna					Dreifing heildarlauna				
	Fjöldi	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk	Fjöldi	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk
Allir	376	232	164	217	275	420	260	195	240	300
Karlar	149	270	195	258	310	168	303	240	285	345
Konur	227	208	153	200	246	252	232	180	215	266

Alls gáfu 149 karlar upp grunnlaun sín og eru meðalgrunnlaun karla 270 þúsund á mánuði og miðgildi grunnlauna 258 þúsund. Launahæsti karlinn hefur 550 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 89 þúsund á mánuði. Þetta þýðir að sá launahæsti hefur rúmlega sexföld grunnlaun þess launalægsta.


¹¹ (Tau-c=,37; α=,000)

¹² (Tau-c=,47; α=,000)



Mynd 9. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna karla.


Alls gáfu 168 karlar upp heildarlaun sín. Meðaltal heildarlauna karla eru 303 þúsund á mánuði og miðgildi heildarlauna 285 þúsund. Launahæsti karlmaðurinn hefur 612 þúsund í heildarlaun á mánuði og sá launalægsti 125 þúsund á mánuði. Þetta þýðir að launahæsti karlmaðurinn hefur tæplega fimmföld heildarlaun á við þann launalægsta.



Mynd 10. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna karla.


Alls gáfu 227 konur upp grunnlaun sín. Meðaltal grunnlauna kvenna eru 208 þúsund á mánuði og miðgildi grunnlauna 200 þúsund. Launahæsta konan hefur 575 þúsund í heildarlaun á

mánuði og sú launalægsta 75 þúsund á mánuði. Þetta þýðir að launahæsta konan hefur nær áttföld grunnlaun á við þá launalægstu.



Mynd 11. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna kvenna.

Alls gáfu 252 konur upp heildarlaun sín. Meðaltal heildarlauna kvenna eru 229 þúsund á mánuði og miðgildi heildarlauna 229 þúsund. Launahæsta konan hefur 557 þúsund í heildarlaun á mánuði og sú launalægsta 84 þúsund á mánuði. Þetta þýðir að launahæsta konan hefur nær sjöföld heildarlaun á við þá launalægstu.




Mynd 12. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna kvenna.

Sjá má á þessum tölum hér fyrir framan að þó nokkur munur er bæði grunnlaunum og heildarlaunum karla og kvenna.

Tafla 43. Samanburður á launum karla og kvenna eftir eðli.


Í þús.	Samanturður á meðaltali				Samanturður á miðgildi			
	Mismunur á mánuði	Mismunur á ári	%	Hvor er hærrí?	Mismunur á mánuði	Mismunur á ári	%	Hvor er hærrí?
Grunnlaun	62	744	29,8%	Karlar	58	696	29,0%	Karlar
Heildarlaun	71	852	30,6%	Karlar	70	840	32,6%	Karlar

Karlar hafa að meðaltali 270 þúsund í grunnlaun á mánuði en konur að meðaltali 208 þúsund. Munar þar 62 þúsundum á mánuði í grunnlaun eða 29,8%. Þetta þýðir að karlar hafa 744 þúsundum meira í grunnlaun á ári en konur. Helmingur karla hefur 258 þúsund í grunnlaun eða minna á mánuði en helmingur kvenna hefur 200 þúsund í grunnlaun á mánuði eða minna. Þetta þýðir 29,0% launamun grunnlauna, körlum í vil. Athyglivert er að skoða 75% mörk kvenna en þau eru nokkuð lægri en miðgildið hjá körlum sem þýðir að 75% kvenna hefur 246 þúsund eða lægri grunnlaun á mánuði á meðan 50% karla hefur 258 þúsund eða minna í grunnlaun á mánuði. Laun kvenna dreifast mun þéttar í kringum meðaltalið en karla en þó má sjá á myndinni hér fyrir aftan að staðalfrávikði er nokkuð hátt bæði hjá körlum og konum.



Mynd 13. Dreifing grunnlauna svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni.

Hvað heildarlaun varðar þá hafa karlar að meðaltali 303 þúsund í heildarlaun á mánuði en konur 232 þúsund. Munurinn á meðalheildarlaunum karla og kvenna er 71 þúsund á mánuði eða 852 þúsund á ári (30,6%). Helmingur karla hefur 285 þúsund eða minna í heildarlaun á mánuði en helmingur kvenna hefur 215 þúsund á mánuði. Þetta þýðir 32,6% launamun á heildarlaunum, körlum í vil.



Mynd 14. Dreifing heildarlauna svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni.

Menntun hefur veruleg áhrif á bæði grunnlaun¹³ og heildarlaun¹⁴ starfsfólks. Meiri menntun þýðir að öllu jöfnu hærri laun, hvort heldur sem er, grunnlaun eða heildarlaun. Þó sker starfsfólk sem hefur verslunarpróf sig nokkuð úr hvað þetta varðar, sérstaklega karlar, en það er að meðaltali með nokkuð hærri laun en fólk með iðnnám eða annað starfsnám og stúdentspróf.

¹³ (Tau-c=,33; α=,000)


¹⁴ (Tau-c=,29; α=,000)

Tafla 44. Grunn- og heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir menntun.

Í þús.	Dreifing grunnlauna					Dreifing heildarlauna				
	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk
Allir	376	232	164	217	275	420	258	195	240	299
Grunnmenntun	123	194	140	180	226	144	224	180	217	265
Verslunarpróf	40	241	191	213	268	44	255	194	224	275
Iðnnám eða starfnám	80	221	160	216	275	89	254	203	250	293
Stúdentspróf	71	234	179	218	265	77	256	191	232	291
Háskólapróf	57	322	250	300	390	61	348	260	320	410


Lægsti launahópurinn er starfsfólk með grunnmenntun, bæði hvað varðar grunnlaun og heildarlaun.

Alls gáfu 123 einstaklingar með grunnmenntun upp grunnlaun sín. Meðalgrunnlaun þeirra eru 194 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 180 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Launahæsti félagsmaðurinn með grunnmenntun hefur 550 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 75 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn með grunnmenntun hefur rúmlega sjöföld grunnlaun þess launalægsta.




Mynd 15. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum með grunnmenntun.

Alls gáfu 144 einstaklingar með grunnmenntun upp heildarlaun sín. Meðalheildarlaun þeirra eru 224 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 217 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Launahæsti félagsmaðurinn með grunnmenntun hefur 600 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti 84 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn með grunnmenntun hefur rúmlega sjöföld heildarlaun þess launalægsta.




Mynd 16. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna hjá félagmönnum með grunnmenntun.

Alls gáfu 40 einstaklingar með verslunarpróf upp grunnlaun sín. Meðalgrunnlaun þeirra eru 241 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 213 þúsund eða minna á mánuði. Launahæsti félagsmaðurinn með verslunarpróf hefur 530 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 122 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn með verslunarpróf hefur rúmlega fjórföld grunnlaun þess launalægsta.




Mynd 17. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum með verslunarpróf.

Alls gáfu 44 manns með verslunarpróf upp heildarlaun sín. Meðalheildarlaun þeirra eru 255 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 224 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Launahæsti félagsmaðurinn með verslunarpróf hefur 600 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti 144 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn með verslunarpróf hefur rúmlega fjórföld heildarlaun þess launalægsta.




Mynd 18. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna hjá félagsmönnum með verslunarpróf.

Alls gáfu 80 manns með iðnnám eða annað starfsnám upp grunnlaun sín. Meðalgrunnlaun þeirra eru 221 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 216 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Launahæsti félagsmaðurinn með iðnnám eða annað starfsnám hefur 420 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 84 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn með iðnnám eða annað starfsnám hefur fimmföld grunnlaun þess launalægsta.




Mynd 19. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna með iðnnám eða annað starfsnám.

Alls gáfu 89 manns með iðnnám eða annað starfsnám upp heildarlaun sín. Meðalheildarlaun þeirra eru 254 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 250 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Launahæsti félagsmaðurinn með iðnnám eða annað starfsnám hefur 522 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti 120 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn með iðnnám eða annað starfsnám hefur rúmlega fjórföld heildarlaun þess launalægsta.




Mynd 20. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna með iðnnám eða annað starfsnám.

Alls gaf 71 einstaklingur með stúdentspróf upp grunnlaun sín. Meðalgrunnlaun þeirra eru 234 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 218 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Launahæsti félagsmaðurinn með stúdentspróf hefur 575 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 75 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn með stúdentspróf hefur tæplega áttföld grunnlaun þess launalægsta.




Mynd 21. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum með stúdentspróf.

Alls gáfu 77 manns með stúdentspróf upp heildarlaun sín. Meðalheildarlaun þeirra eru 256 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 232 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Launahæsti félagsmaðurinn með stúdentspróf hefur 550 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti 133 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn með stúdentspróf hefur rúmlega fjórföld heildarlaun þess launalægsta.




Mynd 22. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna með stúdentspróf.

Alls gáfu 57 manns með háskólapróf upp grunnlaun sín. Meðalgrunnlaun þeirra eru 322 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 300 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Launahæsti félagsmaðurinn með háskólapróf hefur 550 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 195 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn með háskólapróf hefur tæplega þreföld grunnlaun þess launalægsta.



Mynd 23. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum með háskólapróf.

Alls gaf 61 einstaklingur með háskólapróf upp heildarlaun sín. Meðalheildarlaun þeirra eru 348 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 320 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Launahæsti félagsmaðurinn með háskólapróf hefur 612 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti 206 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn með háskólapróf hefur tæplega þreföld heildarlaun þess launalægsta.



Mynd 24. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna hjá félagsmönnum með stúdentspróf.

Glögglega kemur fram munur milli kynja og þess menntunarstigs sem viðkomandi hefur þannig að karlar hafa í öllum tilvikum hærri laun á mánuði en konur með sambærilega menntun hvort heldur sem litið er til meðallauna eða miðgildis.

Tafla 45. Grunn- og heildarlaun karla í 50% eða herra starfshlutfalli eftir menntun.

Í þús.	Dreifing grunnlauna					Dreifing heildarlauna				
	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk
Grunnmenntun	38	232	172	223	293	46	264	220	260	294
Verslunarpróf	13	305	165	310	365	14	331	230	348	385
Iðnnám eða starfnám	45	234	165	245	285	51	275	231	275	298
Stúdentspróf	24	283	220	275	320	26	315	245	300	400
Háskólapróf	27	356	256	345	423	29	384	290	395	429

Tafla 46. Grunn - og heildarlaun kvenna í 50% eða herra starfshlutfalli eftir menntun.

Í þús.	Dreifing grunnlauna					Dreifing heildarlauna				
	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk
Grunnmenntun	85	177	130	160	204	98	205	157	195	231
Verslunarpróf	27	210	190	206	225	30	220	192	209	252
Iðnnám eða starfnám	35	204	153	207	255	38	244	169	216	278
Stúdentspróf	47	209	158	202	228	51	226	181	213	240
Háskólapróf	30	291	240	272	320	32	315	250	300	350

Meðal grunnlaun karla með grunnmenntun eru 232 þúsund á mánuði og helmingur karla hefur 223 þúsund eða minna á mánuði. Konur með grunnmenntun hafa 177 þúsund að meðaltali á mánuði í grunnlaun og helmingur kvenna hefur 160 þúsund eða minna á mánuði. Miðað við miðgildið þá hafa konur með grunnskólamenntun 39,4% lægri grunnlaun en karlar með grunnskólamenntun. Karlar með grunnmenntun hafa að meðaltali hærri grunnlaun en allar konum nema háskólamenntaðar. Athygli vekur að 75% kvenna með grunnskólamenntun hafa að meðaltali mun lægri grunnlaun (204 þús.) en nokkur hópur karla (232-356 þús.). Sé horft á meðaltal heildarlauna þessa sama hóps er launamunurinn 28,8% körlum í vil en sé horft á miðgildi heildarlauna er launamunurinn 33,3% körlum í vil.

Háskólamenntað starfsfólk hefur að meðaltali hæstu launin bæði hvað varðar grunnlaun og heildarlaun. Háskólamenntaður karl hefur að meðaltali 356 þúsund í grunnlaun á mánuði og að meðaltali 384 þúsund á mánuði í heildarlaun. Háskólamenntuð kona hefur að meðaltali 291 þúsund á mánuði í grunnlaun og að meðaltali 315 þúsund á mánuði í heildarlaun. Munurinn á meðalgrunnlaunum er 65 þúsund á mánuði og 780 þúsund á ári sem þýðir 22,3% launamun, körlum í vil. Helmingur karla með háskólamenntun hefur 345 þúsund á mánuði í grunnlaun eða minna en háskólamenntaðar konur hafa 272 þúsund á mánuði eða minna í grunnlaun. Þetta þýðir 26,8% launamun, körlum í vil. Hvað heildarlaunin varðar þá er meðallaunamunurinn 21,9% körlum í vil og á miðgildi launa munar 31,7% einnig körlum í vil.

Tafla 47. Samanburður á grunnlaunum karla og kvenna eftir menntun.

Í þús.	Samanturður á meðaltali				Samanturður á miðgildi			
	Mismunur á mánuði	Mismunur á ári	%	Hvor er hærrí?	Mismunur á mánuði	Mismunur á ári	%	Hvor er hærrí?
Grunnmenntun	115	1380	31,1%	Karlar	63	756	39,4%	Karlar
Verslunarpróf	95	1140	45,2%	Karlar	104	1248	50,5%	Karlar
Iðnnám eða starfnám	30	360	14,7%	Karlar	38	456	18,4%	Karlar
Stúdentspróf	74	888	35,4%	Karlar	73	876	36,1%	Karlar
Háskólapróf	65	780	22,3%	Karlar	73	876	26,8%	Karlar

Tafla 48. Samanburður á heildarlaunum karla og kvenna eftir menntun.


Í þús.	Samanturður á meðaltali				Samanturður á miðgildi			
	Mismunur á mánuði	Mismunur á ári	%	Hvor er hærrí?	Mismunur á mánuði	Mismunur á ári	%	Hvor er hærrí?
Grunnmenntun	59	708	28,8%	Karlar	65	780	33,3%	Karlar
Verslunarpróf	111	1332	50,5%	Karlar	139	1668	66,5%	Karlar
Iðnnám eða starfnám	31	372	12,7%	Karlar	59	708	27,3%	Karlar
Stúdentspróf	89	1068	39,4%	Karlar	87	1044	40,8%	Karlar
Háskólapróf	69	828	21,9%	Karlar	95	1140	31,7%	Karlar

Karlar með verslunarpróf skera sig verulega úr og eru launa-hærrí en aðrir menntunarhópar nema háskólamenntaðir. Meðallaun karla með verslunarpróf eru 305 þúsund í grunn-laun á mánuði og helmingur þeirra hefur 310 þúsund eða


minna á mánuði í grunnlaun. Heildarlaun þeirra eru að meðaltali 331 þúsund á mánuði og helmingurinn hefur 348 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Allt annað gildir um konur með verslunarpróf en þær hafa að meðaltali 210 þúsund í grunnlaun á mánuði og helmingurinn hefur 206 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Þetta þýðir 42,5% launamun á meðallaunum og 50,5% launamun sé horft til miðgildis, hvortveggja körlum í vil. Heildarlaun kvenna með verslunarpróf eru að meðaltali 220 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 209 þúsund eða minna á mánuði. Þetta þýðir að konur með verslunarpróf hafa 50,5% lægri meðalheildarlaun en karlar með verslunarpróf og 66,5% sé horft til miðgildis.

Karlar með stúdentspróf hafa að meðaltali 283 þúsund í grunnlaun og helmingur karlanna hefur 275 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Konur með stúdentspróf hafa að meðaltali 209 þúsund í grunnlaun og helmingur þeirra hefur 202 þúsund eða minna í grunnlaun á mánuði. Launamunur meðalgrunnlauna er 35,4% og 36,1% sé horft til miðgildi grunnlauna, körlum í vil. Hvað heildarlaunin varðar þá munar 39,4% á meðaltali heildarlauna karla og kvenna með stúdentspróf og 40,8% sé horft til miðgildis, hvor tveggja körlum í vil.

Launamunur grunnlauna karla með grunnskólamenntun og háskólamenntun er 53,4% og 64,4% milli grunnskólamenntaðra og háskólamenntaðra kvenna. Minnstur er launamunurinn hjá starfsfólki með iðnnám eða annað starfsnám en þar munar 14,7% á meðalgrunnlaunum og 18,4% á miðgildi launa, hvortveggja körlum í vil. Hvað heildarlaunin varðar er munurinn 12,7% á meðallaununum og 27,3% á miðgildi launa, hvortveggja körlum í vil. Meðalgrunnlaun karla er 234 þúsund á mánuði og helmingurinn hefur 245 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Meðalheildarlaun og miðgildislaun karla með iðnnám eða annað starfsnám eru þau sömu eða 275 þúsund á mánuði. Konur með sambærilega menntun hafa að meðaltali 244 þúsund í mánuði í heildarlaun og helmingur þeirra hefur 216 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun.



Mynd 25. Grunnlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og menntun.




Mynd 26. Heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og menntun

Staða starfsfólks innan fyrirtækis hefur einnig mikil áhrif á laun þess bæði hvað varðar heildarlaunagreiðslur¹⁵ og grunnlaun¹⁶. Yfirstjórnendur hafa að hæstu launin, bæði heildarlaun og grunnlaun, síðan koma millistjórnendur og almennt starfsfólk hefur lægstu launin, hvort heldur sem litið er til meðallauna eða miðgildislauna.

Tafla 49. Grunn- og heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir stöðu.

Í þús.	Dreifing grunnlauna					Dreifing heildarlauna				
	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk
Yfirstjórnandi	28	352	250	359	425	31	378	250	380	470
Millistjórnandi	119	275	216	266	310	132	291	235	278	327
Almennur starfsmaður	226	196	152	192	229	253	227	181	216	264

Alls gáfu 28 manns í yfirstjórnendastöðu upp grunnlaun sín. Meðalgrunnlaun þeirra eru 352 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 359 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Launahæsti félagsmaðurinn í yfirstjórnendastöðu hefur 550 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 125 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn í yfirstjórnendastöðu hefur rúmlega fjórföld grunnlaun þess launalægsta.




Mynd 27. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum í yfirstjórnendastöðu.

¹⁵ (Tau-c=,38; α=,000)


¹⁶ (Tau-c=,44; α=,000)

Alls gaf 31 einstaklingur í yfirstjórnendastöðu upp heildarlaun sín. Meðalheildarlaun þeirra eru 378 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 380 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Launahæsti félagsmaðurinn í yfirstjórnendastöðu hefur 612 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti 206 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn í yfirstjórnendastöðu hefur tæplega þreföld heildarlaun þess launalægsta.




Mynd 28. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna hjá félagsmönnum í yfirstjórnendastöðu.

Alls gáfu 119 manns í millistjórnendastöðu upp grunnlaun sín. Meðalgrunnlaun þeirra eru 275 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 266 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Launahæsti félagsmaðurinn í millistjórnendastöðu hefur 575 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 113 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn í millistjórnendastöðu hefur rúmlega fimmföld grunnlaun þess launalægsta.




Mynd 29. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna hjá félagsmönnum í millistjórnendastöðu.

Alls gáfu 132 einstaklingar í millistjórnendastöðu upp heildarlaun sín. Meðalheildarlaun þeirra eru 291 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 278 þúsund eða minna á mánuði. Launahæsti félagsmaðurinn í millistjórnendastöðu hefur 600 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti 120 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn í millistjórnendastöðu hefur fimmföld heildarlaun þess launalægsta.




Mynd 30. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna hjá félagsmönnum í millistjórnendastöðu.

Alls gáfu 226 almennir starfsmenn upp grunnlaun sín. Meðalgrunnlaun þeirra eru 196 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 192 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Launahæsti félagsmaðurinn í stöðu almenns starfsmanns hefur 410 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 75 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn í almennri stöðu hefur rúmlega fimmföld grunnlaun þess launalægsta.



Mynd 31. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna meðal almennra starfsmanna.

Alls gáfu 253 almennir starfsmenn upp heildarlaun sín. Meðalheildarlaun þeirra eru 227 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 216 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Launahæsti félagsmaðurinn í almennri stöðu hefur 457 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti 84 þúsund. Þetta þýðir að launahæsti félagsmaðurinn í almennri stöðu hefur fimmföld heildarlaun þess launalægsta.



Mynd 32. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna almennra starfsmanna.

Karlar í sömu stöðu og konur hafa öllu jöfnu mun hærri laun en konur og munar 11,3% á meðalgrunnlaunum yfirstjórnenda, 17,0% á meðalgrunnlaunum millistjórnenda og 18,8% á meðalgrunnlaunum almennra starfsmanna.

Tafla 50. Grunn- og heildarlaun karla í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir stöðu.

Í þús.	Dreifing grunnlauna					Dreifing heildarlauna				
	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk
Yfirstjórnandi	19	364	245	383	470	21	396	280	402	518
Millistjórnandi	62	296	247	270	339	68	316	258	300	350
Almennur starfsmaður	67	221	166	212	270	78	264	215	253	300

Tafla 51. Grunn- og heildarlaun kvenna í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir stöðu.

Í þús.	Dreifing grunnlauna					Dreifing heildarlauna				
	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk
Yfirstjórnandi	9	327	200	298	385	10	342	220	319	390
Millistjórnandi	57	253	192	250	292	64	264	202	255	306
Almennur starfsmaður	159	186	140	186	220	175	214	169	201	236

Þetta þýðir að karlkyns yfirstjórnendur hafa að meðaltali 37 þúsundum hærri grunnlaun á mánuði en konur í sambærilegri stöðu (444 þús. á ári), karlar í millistjórnendastöðum hafa að meðaltali 43 þúsundum meira í grunnlaun á mánuði en konur í sömu stöðu (516 þús. á ári) og karlar í almennum störfum

hafa að meðaltali 35 þúsundum hærri grunnlaun á mánuði en konur í sömu stöðu (420 þús. á ári). Sé litið til miðgildislauna kemur í ljós að launamunur grunnlauna er 28,5% hjá yfirstjórnendum, 8,0% hjá millistjórnendum og 14,0% hjá starfsfólki í almennri stöðu, allt körlum í vil.

Hvað heildarlaunin varðar þá eykst launamunurinn öllu jöfnu enn frekar. Yfirstjórnendur hafa að meðaltali 54 þúsundum hærri heildarlaun á mánuði en konur í sambærilegri stöðu (648 þús. á ári), karlar í millistjórnendastöðum hafa að meðaltali 52 þúsundum meira í heildarlaun á mánuði en konur í sömu stöðu (624 þús. á ári) og karlar í almennum störfum hafa að meðaltali 50 þúsundum hærri heildarlaun á mánuði en konur í sömu stöðu (800 þús. á ári). Sé litið til miðgildislauna kemur í ljós að launamunur heildarlauna er 26,0% hjá yfirstjórnendum, 17,7% hjá millistjórnendum og 25,9% hjá starfsfólki í almennri stöðu, allt körlum í vil.


Tafla 52. Samanburður á grunnlaunum karla og kvenna eftir stöðu.

Í þús.	Samanturður á meðaltali				Samanturður á miðgildi			
	Mismunur á mánuði	Mismunur á ári	%	Hvor er hærri?	Mismunur á mánuði	Mismunur á ári	%	Hvor er hærri?
Yfirstjórnandi	37	444	11,3%	Karlar	85	1020	28,5%	Karlar
Millistjórnandi	43	516	17,0%	Karlar	20	240	8,0%	Karlar
Almennur starfsmaður	35	420	18,8%	Karlar	26	312	14,0%	Karlar


Tafla 53. Samanburður á heildarlaunum karla og kvenna eftir stöðu.

Í þús.	Samanturður á meðaltali				Samanturður á miðgildi			
	Mismunur á mánuði	Mismunur á ári	%	Hvor er hærri?	Mismunur á mánuði	Mismunur á ári	%	Hvor er hærri?
Yfirstjórnandi	54	648	15,8%	Karlar	83	996	26,0%	Karlar
Millistjórnandi	52	624	19,7%	Karlar	45	540	17,7%	Karlar
Almennur starfsmaður	50	600	23,4%	Karlar	52	624	25,9%	Karlar

Grunnlaun karla í yfirstjórnendastöðu dreifast yfir mun breiðara launabil en kvenna en jafnframt má sjá að þar sem meðaltalið hjá þeim er mun lægra en miðgildið þá eru örfáir karlar í yfirmannsstöðu með mun lægri laun en aðrir karlar í sambærilegri stöðu sem draga meðaltalið niður. Hins vegar er dreifing grunnlauna kvenna í yfirstjórnendastöðum alveg öfug, meðaltalið er mun hærra en miðgildið sem þýðir að örfáar konur hafa mjög há laun og draga þannig meðaltalið upp. Sömu sögu er að segja ef heildarlaunin eru skoðuð. Meðaltal grunnlauna og heildarlauna millistjórnenda og almennra starfsmanna bæði karla og kvenna eru hærri en miðgildið, ef frá eru talin grunnlaun kvenna í almennri stöðu. Þetta þýðir að launadreifing þeirra er almennt skekkt uppá við, þ.e. örfáir einstaklingar sem draga meðaltalið eitthvað upp.



Mynd 33. Grunnlaun svarenda í 50% eða hærri starfshlutfalli eftir kyni og stöðu.



Mynd 34. Heildarlaun svarenda í 50% eða hærra starfshlutfalli eftir kyni og stöðu.

Einnig hefur starf áhrif á hvað starfsfólk hefur í grunnlaun¹⁷ og heildarlaun¹⁸. Félagsmenn í almennum afgreiðslustörfum hefur lægstu grunn- og heildarlaunin en starfsfólk sem fellur undir flokkinn „annað“ hefur hæstu grunn- og heildarlaunin.


Tafla 54. Dreifing grunn- og heildarlauna eftir starfi.

Í þús.	Dreifing grunnlauna					Dreifing heildarlauna				
	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk	Fjöldi	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk
Almenn afgreiðslustörf	77	164	123	150	185	85	205	154	198	237
Sérþj. starfsmaður verslana	67	232	175	216	280	76	261	208	251	298
Almenn skrifstofustörf	23	190	153	188	216	28	212	157	204	242
Sérhæfð skrifstofustörf	141	259	205	244	291	153	271	207	251	310
Ferðamál	19	227	177	220	254	21	280	232	265	290
Annað	48	288	200	270	360	56	314	213	300	395

¹⁷ (Tau-c=,33; α=,000)


¹⁸ (Tau-c=,26; α=,000)

Meðalgrunnlaun í almennum afgreiðslustörfum eru 164 þúsund á mánuði og helmingur svarenda hefur 150 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Fjórðungur þeirra hefur 123 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Á bak við þessa greiningu liggja 77 svör. Launahæsti starfsmaður í almennum afgreiðslustörfum hefur 480 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 75 þúsund. Þetta þýðir að sá launahæsti hefur rúmlega sexföld grunnlaun þess launalægsta.




Mynd 35. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna félagsmanna í almennum afgreiðslustörfum.

Meðalheildarlaun í almennum afgreiðslustörfum eru 205 þúsund á mánuði og helmingur svarenda hefur 198 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Fjórðungur þeirra hefur 154 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Á bak við þessa greiningu liggja 85 svör. Launahæsti starfsmaður í almennum afgreiðslustörfum hefur 513 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti 109 þúsund. Þetta þýðir að sá launahæsti hefur tæplega fimmföld heildarlaun þess launalægsta.




Mynd 36. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna félagsmanna í almennum afgreiðslustörfum.

Meðalgrunnlaun sérþjálfaðra starfsmanna verslana eru 232 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 216 þúsund eða minna á mánuði í grunnlaun. Fjórðungur þeirra hefur 280 þúsund eða meira á mánuði í grunnlaun. Það eru 67 svör á bak við þessar tölur. Launahæsti félagsmaðurinn í starfi sérþjálfaðs starfsmanns í verslun hefur 407 þúsund á mánuði í grunnlaun og sá launalægsti 113 þúsund. Þetta þýðir að sá launahæsti hefur tæplega fjórföld grunnlaun þess launalægsta.




Mynd 37. Hlutfallsleg dreifing grunnlauna sérþjálfaðra starfsmanna verslana.

Meðalheildarlaun sérþjálfaðra starfsmanna verslana eru 261 þúsund á mánuði og helmingur þeirra hefur 251 þúsund eða minna á mánuði í heildarlaun. Fjórðungur þeirra hefur 298 þúsund eða meira á mánuði í heildarlaun. Það eru 76 svör á bak við þessar tölur. Launahæsti félagsmaðurinn í starfi sérþjálfaðs starfsmanns í verslun hefur 441 þúsund á mánuði í heildarlaun og sá launalægsti 136 þúsund. Þetta þýðir að sá launahæsti hefur rúmlega þreföld heildarlaun þess launalægsta.




Mynd 38. Hlutfallsleg dreifing heildarlauna sérþjálfaðra starfsmanna verslana.

